

Um persónueflandi áhrif listkennslu á þáttakendur í náttúrusmiðju

Anna Henriksdóttir

Listaháskóli Íslands
Listkennsludeild
Meistaránám í listkennslu

Um persónueflandi áhrif listkennslu á þátttakendur í náttúrusmiðju

Leiðbeinandi: Sigrún Jóhannesdóttir
20 eininga lokaverkefni
Anna Henriksdóttir
Vorönn 2012

Ágrip

Meistaraverkefni þetta er tvíþætt, annarsvegar hönnun á listnámskeiði í náttúrusmiðju og hinsvegar rannsókn á valdeflandi kennsluaðferðum náttúrusmiðjunnar.

Verkefnið fjallar um það hvernig þátttaka í náttúrunámskeiði hjálpar fólki að takast á við lífið. Áherslur náttúrusmiðjunnar eru að efla einstaklinginn til virkni svo hann geti betur tekið þátt í þjóðfélaginu. Hugmyndafræðilegur bakgrunnur náttúrusmiðjunnar felst í fræðslu fullorðinna (e. andragogy), hugsmíðahyggju, fjölgreindarkenningu Gardners, minningasmiðju og fleiru. Á nokkrum námskeiðum var rannsóknargögnum safnað og þau voru greind með eigindlegri rannsóknaraðferð. Þar eru greiningarnar skoðaðar í ljósi hugmyndafræðinnar og niðurstöður sýna greinilega valdeflingu. Rannsókn þessi gagnast til þess að varpa ljósi á valdeflingu með listkennslu. Hún sýnir að það að virkja áhuga geti bætt líðan og haft áhrif á aðstæður fólks. Rannsóknin getur einnig orðið hvati að því að nýjar aðferðir við eflingu fólks í félagslegum og andlegum vanda líti ljós og verði innleiddar.

Abstract

This masters thesis is twofold. On one hand, the making of an art class in a nature workshop and on the other, a study of empowering teaching methods in a nature workshop. The thesis focuses on how participating in a nature workshop helps the participants cope with life.

The nature workshop emphasizes encouraging the participant to become an active member of society. The ideology of the nature workshop consists primarily of adult education (andragogy), social constructivism, Gardner's theory of multiple intelligences, and a photo related memory work.

The purpose of this study is to shed light on empowerment in art education. Data from the nature workshop was collected and analyzed using the qualitative research method. The results were reviewed using the same method and they showed clearly that the participants were empowered.

The results show that encouraging interest in the workshop material can improve the participants well being and have a positive effect on their life. This study can be used to promote the implementation of new methods of empowering people who may have social or mental health issues.

Formáli

Náttúrusmiðjan varð til í hópvinnu á fullorðinsfræðslunámskeiði í LHÍ á vorönn 2011 undir stjórn Sigrúnar Jóhannesdóttur. Markmiðið var að skapa námskeið sem myndi efla einstaklinga og styrkja á allan hátt, bæði andlega og líkamlega. Til þess var talið heppilegt að nýta náttúruna og útivist sem grunn til að efla líkama og sál en einnig skynjun og sköpunarþörf þátttakendanna. Umhugað var að efla sérstaklega þá einstaklinga sem höfðu orðið undir í þjóðfélaginu, atvinnuleitendur og geðfatlað fólk í atvinnuendurhæfingu. Vorið 2011 var fyrsta náttúrusmiðjunámskeiðið haldið. Á meðan að vinnu við verkefnið stóð fæddist sú hugmynd hjá mér að fara í meistaranám í listkennslu og skoða þá nánar hvort þetta námskeið stæði undir markmiðum sínum og sýna fram á gildi námskeiðsins. Með hliðsjón af fyrsta námskeiðinu var sett upp hliðstæð náttúrusmiðja með eins líku sniði og hægt var. Þegar undirbúningur námskeiðsins hófst vaknaði fljótlega sú spurning hvort ekki væri áhugavert að skoða og greina fleira en bara samanburð tveggja grunnnáttúrusmiðjunámskeiða. Á framhaldsnámskeiði væri hægt að skoða betur áhrif náttúrusmiðjunnar á þátttakendur. Í samvinnu við Hlutverkasetur, atvinnuendurhæfingarmiðstöð í Borgartúni 1, voru því haldin tvö náttúrusmiðjunámskeið, það fyrra var grunnnámskeið í náttúrusmiðju, hliðstætt við fyrsta námskeiðið og það síðara var framhaldsnámskeið í náttúrusmiðju. Öll námskeiðin þrjú hafa verið höfð til hliðsjónar við greiningu gagna fyrir þetta verkefni.

Þetta verkefni vann ég undir leiðsögn Sigrúnar Jóhannesdóttur og þakka ég henni fyrir mikla hvatningu og góða og örugga leiðsögn. Kennarar og starfsfólk Listaháskólans fá þakkir fyrir ánægjuríkt og gott samstarf. Elín Ebba Ásmundsdóttir fær þakkir fyrir ómetanlegan stuðning en hún veitir forstöðu Hlutverkasetri sem styrkti mig og lagði til húsnæði, starfsfólk og annað sem til þurfti. Listkennararnir Hildur Margrétardóttir og Svafa Björg Einarsdóttir fá þakkir fyrir yndislegt og gefandi samstarf í náttúrusmiðjunum. Marie Huby fær þakkir fyrir aðstoð við upptökur. Fjölskyldan mín fær þakkir fyrir mikið umburðalyndi, aðstoð og hvatningu á meðan á verkefninu stóð. Eiginmaður minn Vilhjálmur Í. Sigurjónsson fær hjartans þakkir fyrir ómælda aðstoð, yfirlestur, andlegan stuðning, næringu, hvatningu og hlustun í tíma og ótíma.

Efnisyfirlit

Ágrip	4
Abstract	5
Formáli	6
1 Inngangur	10
1.1 Markmið lokaverkefnis	10
1.2 Uppbygging ritgerðar	10
1.3 Gildi rannsóknarinnar	10
1.3.1 Markmið náttúrusmiðjunnar og framkvæmd.....	11
2 Hugmyndafræðin að baki náttúrusmiðjunámskeiðum	12
2.1 Kennslufræði fullorðinna (e. andragogy)	12
2.2 Hugsmíðahyggjan (e. social constructivism)	13
2.3 Fjölgreindarkennsla (e. theory of multiple intelligences).....	13
2.4 Kennsluaðferðir Marvin Bartels.....	14
2.5 Minningasmiðja (e. photo related memory work).....	14
2.6 Aðferðir sem notaðar voru á námskeiðunum	15
2.6.1 Valdefling (e. empowering impact).....	15
2.6.2 Skynjun	16
2.6.3 Námsnálgun- skilningarvit (e. multisenses)	17
2.6.4 Hugkort (e. mind mapping).....	17
2.6.5 Efniskönnun (e. project approach)	18
2.6.6 Gagnrýni (e. criticism, feedback).....	18
2.6.7 Skapandi leiðir	18
2.6.8 Listmeðferð	18
2.6.9 Huglásar (hindranir).....	19
2.6.10 Umræðu og spurnaraðferðir	19
2.6.11 Verkefni	19
3 Nánari útlitun á undirþáttum rannsóknarinnar.....	20
3.1 Hugleiðingar um rannsóknarspurninguna	20
3.2 Rannsóknaraðferð (eigindleg rannsókn)	20
3.3 Greinandi aðleiðsla	21
3.4 Þátttakendur á náttúrunámskeiðunum	21
3.4.1 Skipulag námskeiða	22
3.5 Túlkun gagna	23
3.6 Rannsóknargögn	23
3.7 Dagbækur.....	24

3.8	Viðtöl	24
3.9	Ljósmyndir	24
3.10	Upptökur (mynd og hljóð)	25
3.11	Listverk	25
3.12	Listskýningar.....	25
3.13	Gagnrýni nemenda	25
3.14	Siðferðislegar spurningar	26
4	Greiningar	27
4.1	Grunnnámskeið	27
4.2	Framhaldsnámskeið	29
4.2.1	Samanburður milli námskeiða.....	30
4.3	Túlkun.....	31
4.3.1	Hvað sýna rannsóknargögnin	31
4.4	Samantekt viðtala.....	33
4.5	Samanburður viðtala og athugana	33
4.5.1	Athuganir gerðar í viðtölum.....	34
4.6	Tilvitnanir í þátttakendur náttúrusmiðju	35
4.6.1	Greining á sjálfstæði	35
4.6.2	Greining á sköpun	36
4.6.3	Greining á þátttöku.....	36
4.6.4	Greining á samvinnu	36
4.7	Hver er útkoman?.....	37
4.7.1	Fyrirhuguð verk.....	38
4.7.2	Að takast á við lífið	38
4.7.3	Undirbúningur fyrir vinnu.....	39
4.7.4	Að ýta undir sjálfstraust	39
4.7.5	Að sýna fram á leiðir til að öðlast betri og meiri þekkingu	40
4.7.6	Víðtækari skilningur á list og menningu	40
5	Niðurstöður	42
6	Lokaorð	44
6.1	Hugleiðingar	44
6.2	Gagnsemi rannsóknarinnar	44
6.3	Styrkur rannsóknarinnar.....	45
6.4	Veikleiki rannsóknarinnar.....	45
6.5	Framhald náttúrusmiðjunámskeiða	46
6.6	Ný námskeið	46
6.7	Að endingu.....	46

Heimildir	47
Fylgiskjöl.....	50
Fylgiskjal I Náttúrusmiðja 1 grunnnámskeið	50
Fylgiskjal II Náttúrusmiðja 2 grunnnámskeið.....	51
Fylgiskjal III Náttúrusmiðja 3 framhaldsnámskeið.....	54
Fylgiskjal IV Sjálfrýniblað.....	55
Fylgiskjal V Jafningjarýniblað.....	56
Fylgiskjal VI Spurningablað	57
Fylgiskjal VII Verkáætlunargerð	58
Fylgiskjal VIII Undirskriftareyðublað	59
Fylgiskjal IX Huglásar	60

1 Inngangur

Rannsóknin sýnir fram á gildi þess að nýta uppbyggilegar kennsluaðferðir í listkennslu til þess að efla einstaklinga á skemmtilegan og fræðandi hátt til eðlilegrar þátttöku í þjóðfélaginu.

1.1 Markmið lokaverkefnis

Lokaverkefni þetta er rannsókn á kennsluaðferðum í listnámskeiðum sem nefnd voru Náttúrusmiðjur. Rannsóknin leiðir í ljós að það sé hvetjandi að taka þátt í listnámskeiði sem hafi náttúruskoðun, skynjun, skapandi leiðir og ljósmyndatengda minningasmiðju að leiðarljósi. Námskeiðin eru hönnuð með það í huga að gefa þátttakendum tækifæri til að þroska hjá sér þekkingu á margvíslegum aðferðum til listsköpunar, upplifa sköpunargleði og að kenna þeim að tjá sig um eigin verk og meta verk annarra. Rannsóknin sýnir að það hjálpi fólki að takast á við lífið, undirbúi það fyrir vinnu, ýti undir sjálfstraust og sýni fram á leiðir til að öðlast betri og meiri þekkingu auk þess að gefa þátttakendum víðtækari skilning á list og menningu.

Eigindleg rannsókn var gerð á þátttakendum á sérstökum námskeiðum í náttúruskynjun þar sem þeir upplifðu námskeiðin bæði sem byrjendur og framhaldsnemendur. Rannsóknarspurningin sem lögð var til grundvallar er: *Hvernig geta kennsluaðferðir náttúrusmiðjunnar við listsköpun ýtt undir sjálfstæði, sköpun, þátttöku, samvinnu og þannig eftl einstaklinginn?*

1.2 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin skiptist í sjö kafla. Sá fyrsti er inngangur þar sem fjallað er um tilgang verksins, gildi og bakgrunnsupplýsingar. Annar kafli fjallar um hugtök og fræði sem stuðst er við í rannsókninni. Þriðji kaflinn er um rannsóknarspurningar, aðferðir og þátttakendur. Í fjórða kafla eru greiningar og samanburður úr rannsókninni. Niðurstöður eru í fimmta kafla og lokaorðin í þeim sjötta. Innihald síðasta kaflans eru margvísleg fylgiskjöl.

1.3 Gildi rannsóknarinnar

Náttúrusmiðjan hefur að markmiði að bæta stöðu fullorðinna einstaklinga sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu og þurfa á hvatningu að halda. Þessi rannsókn varpar ljósi á valdeflingu í listkennslu og sýnir hversu miklu máli skiptir að hvetja fólk áfram og efla með því hvöt hjá þeim til að standa sig í lífinu. Hún getur einnig orðið hvati að því að nýjar aðferðir við eflingu fólks í félagslegum og andlegum vanda líti ljós.

1.3.1 Markmið náttúrusmiðjunnar og framkvæmd

Lærdómsviðmið kennslunnar er að þátttakendur skynji og skoði eigin tengsl við náttúru, umhverfi og minningar. Þau leiti eftir þekkingu og nýti hana til listsköpunar í margvíslegu formi. Einnig að þau efla sjálfsþekkingu og sjálfstjáningu og hvetja þau til virkni og sköpunar. Þannig eflist þátttakandinn og getur yfirfært reynslu sína yfir á daglegt líf. Með því að nýta uppbyggilega gagnrýni, jafningjamat og sjálfsmat og ýta undir samvinnu og hópastarf, eflum við þátttakendur til félagsþroska, sjálfstæðis, tjáningar og sjálfsþekkingar.

Hvert náttúrusmiðjunámskeiðið er samtals 21 klukkustund (sjá fylgiskjöl I, II og III).

Verkefni voru lögð fyrir í 10 til 15 mínútna kynningum eitt til tvö á hverjum degi og öll tengdust þau viðfangsefni námskeiðanna, upplifun úr náttúruskoðun á fyrsta degi. Það gaf þátttakandanum stöðugleika, hvatti hann til þolinmæði og kenndi honum að endurskoða hugmyndir, velta fyrir sér nýjum sjónarhornum, hlusta á sínar innri tilfinningar og hugsanir. Þegar sköpun á verkum hafði átt sér stað var verkunum stillt upp, þátttakendur ræddu þau, hugmyndir og útfærslur ásamt kennurum. Mat á því hvort markmið náðist fór fram í viðtölum við þátttakendur ásamt greiningu á myndum, myndbandsupptökum, hugkortum og dagbókar-skrifum. Þátttakendur öðluðust trú á eigin getu, fengu öryggi til að skapa sjálfstætt, lærðu nýjar verkaðferðir, höfðu ánægju af námskeiðinu, voru glaðir og höfðu meira starfsþrek.

2 Hugmyndafræðin að baki náttúrusmiðjunámskeiðum

Hugmyndafræðilegur bakgrunnur náttúrusmiðjunnar felst í kennslufræði fullorðinna (e. andragogy), hugsmíðahyggju, fjölgreindarkenningu Gardners, kennsluaðferðum Marvin Bartels, einstaklingsmiðuðu námi og minningasmiðju. Þetta var allt valið saman með það að markmiði að styðja sem mest við þátttakendur á leið til sjálfsþekkingar, sköpunar, tjáningar og virkni.

2.1 Kennslufræði fullorðinna (e. andragogy)

Það var um 1970 sem Malcolm Knowles kynnti fyrst hugmyndir um kennslufræði fullorðinna. Kenning hans var sú að fullorðnir og börn lærðu ekki eins. Fullorðnir nemendur vilja ekki láta stýra sér, þeir vilja finna lausnina sjálfir. Þeir þurfa að vita af hverju þetta námsefni en ekki hitt og hvaða gagn er af náminu. Þeir eru sjálfstæðir, stýra sér sjálfir og vilja vera ábyrgir fyrir náminu. Reynsla þeirra er ólík (magn, gæði) og mjög mismunandi (fólk, leiðir og markmið). Þeir eru tilbúnir að læra og kunna að tileinka sér nýja þekkingu og geta þeirra til að leita sér þekkingar mikil. Krafan er því að námið þarf að þroska nemandann og þá er lausnarnám ákjósanlegt þar sem hver og einn vinnur að sinni lausn á sínum hraða. Hvatir fullorðinna nemanda til náms eru einnig mjög mismunandi (innri/ytri) (starf, laun/ánægja, sjálfmynd, lífsgæði). Hlutverk leiðbeinandans er að taka tillit til allra þátta á ólíkan hátt. Gott er því að kynnast strax þátttakendum og þeirra væntingum til að geta betur miðað kennsluefnið að þeirra þörfum (Knowles, 1998:64–68).

Ef námið á að skila árangri þarf nemandinn að hafa hugann við námið, það byggist hins vegar á því að ástand hans sé í jafnvægi. Þrír samofnir þættir þurfa að vinna saman til að ástand okkar séu í jafnvægi þ.e. lífeðlisfræðilegar ástæður, tilfinningar og hugsanir. Það þýðir að ef einn þáttur er ráðandi getur nemandinn ekki einbeitt sér að fullu að náminu. Það er leiðbeinandans að sjá til þess að nemandinn sé í góðu ásigkomulagi allan kennslutímann. Það er því áriðandi að kennarinn ráði í ástand nemandans og þekki líkamstjáningu. Þá er hægt að sporna við syfju, leiða eða hverju því óæskilega ástandi sem nemandinn er í. Einbeitingartími nemenda er oft mældur í mínútum, ein mínúta fyrir hvert ár nemandans t.d. 14 ára getur fylgst með í 14 mínútur, þá þarf að verða eitthvert uppbrot í kennslunni (DePorter, B., Reardon, M. og Singer-Nourie, S., 1999:150–154). Ekki er mælt með að hafa samfelldan fyrirlestur lengur en í 15 til 20 mínútur hjá fullorðnum einstaklingum. Ef um sýnikennslu er að ræða er hámarkstími fimm mínútur þá þarf að koma eitthvert uppbrot í kennsluna (Rogers, J, 2001:107).

Þegar verið er að skipuleggja nám fyrir fullorðna nemendur þarf því að vita hver þörfin er fyrir námið, hvað á að kenna, hverjir myndu nýta sér það og hvaða kennslugögn þarf. Markmið geta verið ólík milli nemenda og einnig forsendur þeirra og hæfni því þarf að fylgjast vel með hvernig til tókst og halda vel utanum hverju þörf er á að breyta milli námskeiða. Það þarf að virkja áhugahvötina, benda á nýjar leiðir, auka víðsýni og sjá til þess að nemendur geti bjargað sér á eigin spýtur. Gott er að geta prófað nemendur með sjálfsmati eða jafningjamati sem gefur þeim nýja sýn á sjálfan sig og eigin stöðu eða getu. Verkefni geta verið margvísleg og ekki þarf alltaf að gera próf til að mæla árangur. Mikilvægt er að kennsluáætlanir og /eða tímaáætlanir standist, skilafrestir séu virtir og hægt sé að stunda námið í aðstæðum að eigin vali (hópur, fáir, margir, einstaklingur). Einnig er mikilvægt að nemendur fái sem nákvæmastar upplýsingar um verkáætlunina. Umhverfi þar sem nám fer fram skiptir einnig miklu máli, uppröðun, aðgengi, hiti, loftrými, tími, bókstaflega allt skiptir máli. Það er því þýðingarmikið að fara yfir hvern þátt lið fyrir lið og fá upplýsingar frá nemendum í lok námskeiðs um hvað gekk vel og hvað mætti betur fara (Knowles, 1998:180–183).

2.2 Hugsmíðahyggjan (e. social constructivism)

Hugsmíðahyggjan hefur þróast í fyrstu út frá hugmyndum Piagets um 1970 þegar áhangendur Genfarskólans gerðu vísindalega rannsókn á félagslegum vitsmunabroska og komust að því að viss félagsleg samskipti höfðu jákvæð áhrif á námsárangur einstaklinga. Félagsleg samskipti hafa einnig áhrif á samfélag og menningu sem er hluti af þroska okkar. Þekking okkar er afurð túlkunar okkar á reynslu. Allt sem við reynum túlkum við á okkar hátt og leitum til í þekkingarbrunn við næstu erfiðleika. Við miðum alltaf við okkar menningarheim og uppruna. Námsumhverfið þarf því að vera sjálfsmiðað, hvetjandi, opið og virkni nemenda (þátttakenda) mikil og góð. Mikilvægt er að forþekking þátttakenda fái að njóta sín, verkefni séu skapandi og raunveruleg. Kennarinn (leiðbeinandi) þarf að kenna fagleg vinnubrögð, vera góð fyrirmynd, skapa gott andrúmsloft, hvetja til umræðna og skoðanaskipta (Þuríður Jóhannsdóttir, 2009).

2.3 Fjölgreindarkennsla (e. theory of multiple intelligences)

Fjölgreindarkenningar taugasálfræðingsins Howard Gardners eru nú flestum kunnar en hann heldur því fram að greind mannsins samanstandi af mörgum mismunandi greindarsviðum. Sviðin þroskast á mismunandi tíma og á ólíkan hátt milli einstaklinga. Hver einstaklingur er því einstakur og getur haft mismikla hæfileika á ólíkum sviðum. Helstu flokkarnir Gardners eru málgreind, rök og stærðfræðigreind, rýmisgreind, tónlistargreind, hreyfigreind, félags-

greind, sjálfsþekkingargreind og náttúrugreind. Því leitast náttúrusmiðju námskeiðin við að veita þátttakendum sem mest val á tjáningar og sköpunarmöguleikum svo þeir geti notið sín á hvaða greindarsviði sem er. Það er því eðlilegt að á þessu námskeiði fái þátttakendur að velja sín verkefni eftir áhugasviði sínu og fjölgreind þeirra kemur þá þeim til hjálpar við valið og úrvinnslu verkefnanna (Gardner, H. 2006).

2.4 Kennsluaðferðir Marvin Bartels

Marvin Bartel (Bartel, M. 2006) er prófessor og listamaður sem hefur víðtæka kennsluþekkingu og hefur látið til sín taka í málefnum kennslufræðinnar í mörg ár. Kenningar hans stuðla að bættri hugsun nemandans og aðferðum fyrir kennara til að hvetja nemendur til sköpunar, hugsunar, skilnings og eigin ákvörðunartöku. Til að aðstoða þátttakendur við að skilja og skynja hvað er verið að skoða þegar verið er að meta listverkin nýtum við matstækni Marvin Bartels (Bartel, M. 2012). Hugmyndir hans eru að ýta skuli undir skilning nemanda á eigin skoðunum og viðhorfum, þjálfa þá til að treysta eigin innsæi og sýna þeim hvernig á að bera sig að við að skapa en muna jafnframt að sköpunin á að koma frá eigin brjósti. Marvin heldur úti góðri vefsíðu þar sem hægt er að nálgast hugmyndir hans um kennsluaðferðir og fræðast um matstæknina (Bartel, M. 2004). Þýdd jafningja- og sjálfsmatsblöð (Bartel, M. 2010) voru lögð fyrir þátttakendur í grunn- og framhaldsnámskeiðum.

2.5 Minningasmiðja (e. photo related memory work)

Á níunda áratug síðustu aldar kom fram ljósmyndatengd minningaraðferð (e. memory-work method) sem femínistinn og kynjafræðingurinn Frigga Haug bjó til. Þessi aðferð átti að brúa bil milli minninga og reynslu í rannsóknum á femínískum fræðum og kynjafræðum.

Hugmynd Haug er að skoða hvaðan við komum og hvaða gildi við höfum í þjóðfélaginu (Koutroulis, 2012). Í fyrrihaust kynntu Mari Mäkiranta og Outi Ylitapio-Mäntylä minningasmiðju í LHÍ en hugmyndir þeirra hafa þróast út frá hugmyndum Friggu Haug. Þær vinna með ljósmyndir, oftast frá æsku þátttakenda, þar sem þátttakandinn greinir minningar sínar, tilfinningar og í samvinnu við örfáa aðra þátttakendur skapar nýja ljósmynd út frá sameiginlegum hugmyndum við skoðun myndanna. Hugmyndir Mari og Outi er að við þessa vinnu skoðum við hvaðan við komum og hvaða gildi við höfum og einnig skoðum við þjóðfélagið sem við lifum í (Ylitapio-Mäntylä, Outi ; í prentun).

2.6 Aðferðir sem notaðar voru á námskeiðunum

2.6.1 Valdefling (e. empowering impact)

Valdefling er í raun allt það sem lýtur að því að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, allt það sem eflir sjálf og sjálfsmynd fólks, sjálfstraust, félagslega stöðu, sjálfsvirðingu og lífsgæði (Lord J., og Hutchison P., 1993). Valdefling er huglæg tilfinning, sem í gegnum tengsl ýtir undir sjálfsákvörðunarrétt, sjálfsvirðingu og sjálfsmat og hefur áhrif á félagsstöðu. Hugtakið valdefling tengist því lífsgæðum og mannréttindum. Valdefling getur byrjað í grasrótastarfi, út frá stefnumótun stjórnvalda eða þjónustukerfa, eða verið sem hluti af félagslegri íhlutun. Valdefling gerist í þremur þrepum:

- Persónuleg valdefling, þátttakandinn eflist í eigin lífi og tekur þátt í umhverfi sínu
- Í hópstarfi, þátttakendur veita innsýn í eigið líf og annarra, rýna í upplifanir og nærast á reynslu annarra í sameiginlegu hópefli
- Með þjóðfélagsþátttöku þar sem þátttakandinn reynir að hafa áhrif á stofnanir og þjóðfélag

Valdefling er umbreyting; til þess að hægt sé að stjórna eigin lífi þarf að skilja sjálfan sig og umhverfið, einnig að geta lesið annað fólk og unnið með þeim (Lord J. og Hutchison P., 1993).

Allir hafa náttúrulega löngun, í ætt við forvitni, til að auka bein eða persónuleg kynni sín við fólk og hluti „þessi þörf fyrir fyllri og nánari þekkingu er gerólík meðvituðum áhuga á athugun vegna hennar sjálfrar. Ástæðan fyrir henni er löngun til að víkka sjóndeildarhringinn, löngun til sjálfseflingar“ (Dewey, 2000b:249).

2.6.1.1 Efling einstaklingsins í persónulegri valdeflingu

Efling felst í því að þjálfa einstaklinginn til að nýta sér þá krafta sem búa innra með honum. Við höfum öll mismunandi hæfileika sem við getum þroskað með okkur á ýmsan hátt. Sumir hafa bælt niður hæfileika sína og þurfa hjálp við að lokka þá fram. Sumir þurfa mikla örvun aðrir litla.

Sköpunarhæfileikinn býr innra með hverjum manni og við höfum öll þörf til að skapa (Matthías Jónasson, 1967:264). Gleðin við að búa eitthvað til er ánægjuleg og hún verður enn meiri þegar aðrir taka eftir því sem gert er og hrósa því og finnst jafnvel varið í það sem við höfum skapað. Það hvetur okkur áfram í sköpuninni. Við það að fá hvatningu eflumst við sem einstaklingar. Það er þessi efling sem er svo mikill hvati í átt að betra lífi. Því oftast sem við

prófum að gera eitthvað þeim mun betri verðum við í því og þá er svo auðvelt að yfirfæra það á aðrar framkvæmdir. Við það eykst sjálfsmat okkar og við verðum öruggari með okkur og þegar við vitum að það er í lagi að mistakast því „enginn er meistari í fyrsta sinn“ þá örvar það okkur til að reyna á ný. Við þroskumst í samneyti við aðra og þroskinn er ekki aðeins kominn undir umhverfinu heldur einnig okkur sjálfum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007:116). Sálfræðingurinn Anna Valdimarsdóttir telur að til þess að einstaklingur geti eflst verði hann:

- að skynja lífið af áhuga og einbeitni eins og barn,
- reyna nýja hluti
- hlusta á eigin tilfinningar í stað þess að hlýða öðrum, venjum eða yfirvöldum
- vera heiðarlegur, varast tilgerð og leikaraskap
- viðbúinn gagnrýni ef eigin skoðanir falla ekki að skoðunum annarra,
- axla ábyrgð,
- vinna vel að því sem manni er trúað fyrir
- átta sig á veikleikum sínum og reyna að yfirvinna þá

(Anna Valdimarsdóttir, 1999:61)

2.6.2 Skynjun

Að skynja náttúruna með öllum skynfærunum og huga að tilfinningum og minningum er leið til þess að uppgötva og læra (DePorter og fl., 1999:67). Einnig til að safna gögnum sem hægt væri að nota sem grunn að listverki í hvaða miðil sem er. Þegar við hugsum um skynjun liggur beinast við að telja upp skynfærin svo sem augu, eyru, nef og munn en við skynjum líka með húðinni og þar höfum við möguleika á að skynja t.d. hita, kulda, þrýsting, hreyfingu og fl. En við eigum líka minningar og höfum tilfinningar og getum rifjað upp hughrif sem nýtist líka við rannsóknir í náttúrunni. Það er ekki síst þess vegna sem áhersla er lögð á við þátttakendurna að hafa alla þessa möguleika opna fyrir skynjun í náttúruskoðuninni.

Rudolf Steiner sagði að við náttúruskoðun sé mikilvægt að leyfa nemandanum að skoða náttúruna á eigin forsendum og leyfa honum að taka náttúruna inn með öllum skynfærum þannig að nemandinn nýti líka tilfinningasviðið til að upplifa náttúruna. Varast beri að greina náttúruna á sama tíma, þó er gott að benda nemanda á áhugaverða staði og hluti. Gott er að taka áhugaverða hluti heim til að skoða síðar. Óráðlegt er að kenna nemendum um náttúruna og aðferðir hennar fyrir en heim er komið og nemendur hafa fengið tíma til að upplifa og melta skynjun sína (sjá í Nobel, A.,1991:243).

En náttúran er ekki bara mikilvæg fyrir okkur andlega hún er mikilvæg fyrir okkur líka líkamlega, við styrkjum líkamann á að ganga og rannsóknir í Japan (HPHP, 2012) sýna að ef gengið er í skóglendi þá öndum við að okkur fólínsýru frá trjágróðri sem hefur áhrif á ónæmiskerfið og styrkir það. Allir sem hafa verið úti í náttúrunni vita líka hvað það getur verið gott að heyra lækjarnið og fuglasöng. Það gefur okkur andlega ró. Hreyfing hefur líka mikil áhrif á taugaboðefnin í heilanum. Við líkamsþjálfun örvast serótónín, dópamín og adrenalín og skynjun okkar örvast, okkur líður betur og boðefnin berast hraðar. Rannsóknir sýna að þjálfun dregur úr þunglyndi og kvíða (Medina J., 2010:20–23).

Skynjun okkar á veröldinni er í samhengi við kynni okkar af henni. Við skynjum veröldina á margvíslegan hátt með öllum skynfærum og túlkum miðað við þekkingu okkar og minni. Skynjun er því ekki eitthvert ástand sem alltaf er eins, varanlegt, heldur fer það eftir þroska einstaklings og fyrri skynjunum hans að hvaða niðurstöðum hann kemst. Rannsóknir á skynjunum okkar hafa sýnt að flókið ferli er að baki hverri skynjun og að við notum margar stjórnstöðvar í heilanum við að flokka og skilja niðurstöður. Enn eigum við langt í land að geta útskýrt hvernig við skynjum í raun og veru. Skynjun er því verulega mótuð af mörgum þáttum eins og fjölskynjun (e. multisensory), fyrri upplifunum, innri spám, tengingum, áframhaldandi hreyfingum, samskiptum og eðli verkefnisins sjálfs (Calvert, G., Spence, C., og Stein, B.E., 2004:135).

2.6.3 Námsnálgun- skilningarvit (e. multisenses)

Augu, eyru, nef, munnur og húð eru okkar helstu skynfæri en við nýtum einnig tilfinningar, minningar og fyrri reynslu til þess að móta upplifanir okkar. Áður en skoðun og skráning gagna á fyrsta degi í náttúruskoðuninni hefst er farið vel í þessa hluti til að dýpka skynjun þátttakenda svo þeir nái að safna sem flestum gögnum á ólíkum sviðum skynjunarinnar.

2.6.4 Hugkort (e. mind mapping)

Hugkort er myndræn aðferð til að skrásetja minnisatriði. Til þess að heilinn ráði sem best við upplýsingar er gott að skrásetja þær þannig að hann meðtaki þær sem hraðast. Heilinn starfar þannig að hann metur lykilhugtök sem hann síðan tengir innbyrðis í heildir og ef við skráum upplýsingar þannig þá eigum við auðveldara með að muna þær. Það skiptir máli að byrja út frá aðalhugsuninni og síðan kvíslast út frá henni einstakar hugmyndir sem geta jafnvel tengst síðar eftir efni og aðstæðum hverju sinni (Buzan T., 1984:95).

Byrjað er að skrá út frá miðju kortsins og tengja síðan minnisatriðin við miðjuna. Gott er að gera myndir, nota mismunandi liti, flokka saman samstæð minnisatriði og fleira. Hver og einn

má hafa sína útfærslu og mikilvægt að hanna sína eigin tækni við gerð hugkorta. Hugkort hjálpa til við að koma skipulagi á hugsun, gefa yfirsýn yfir verkefnið og hugmyndirnar og hafa reynst mikilvæg hjálpartæki í námi (Buzan T., 1984:96–97). Á námskeiðunum er byrjað á að kynna hugkortagerðina og biðja þátttakendur að huga að skynfærunum í leiðinni til að hjálpa þeim að flokka hugmyndirnar og minnisatriðin. Hugkortið nýtist svo við að fá hugmyndir að listverkum og útfæra þær. Sem kennarar á námskeiðinu höfum við nýtt hugkort nemanda til að átta okkur betur á hvaða áhugasviði nemandinn er, með hönnun á listverki að leiðarljósi. Við erum því betur í stakk búin að leiðbeina nemanda um hvaða stefnu hann ætti að taka í gerð verks með hugkortið hans til hliðsjónar.

2.6.5 Efniskönnun (e. project approach)

Fullorðnu fólki gengur best að læra ef að námið er snúið að þeirra áhugasviði (Merriam S.B, og Caffarella R.S., 1999: 290). Það er því vænlegt til árangurs að kynna þeim aðferðir við efniskönnun. Leiðbeinendur leggja til þema sem hægt er að nálgast á marga vegu.

Þátttakendur safna saman hugmyndum, gera hugkort, skrásetja efni, aðferðir og í framhaldi af því velja aðferð og verkefni sem þeir framkvæma og skila svo af sér sem afurð, kláruðu verki eða sýningu.

2.6.6 Gagnrýni (e. criticism, feedback)

Bein gagnrýni felst í samanburði verkanna en þó alltaf með öllum hópnum í einu og helst á sem jákvæðastan hátt. Verkin eru tekin, þeim snúið á alla kanta og reynt að finna áhuga-verðasta atriðið í hverju verki. Rætt er um tækni, efnisval og áhugavert framhald verksins. Uppástungur um nýjar hugmyndir eru skráðar og skoðaðar í sameiningu. Oft koma upp hugmyndir að nýju kennsluefni í umræðunni og þannig hefur kennsluefnið þróast áfram. Leiðbeinendur bæta einnig við sig þekkingu á milli námskeiða og þjálfast upp í leiðinni.

2.6.7 Skapandi leiðir

Þátttakendum er bent á leiðir eins og að teikna, mála, prenta, leira, nota gifs, klippa út og skera pappír, semja sögur eða ljóð, gera þrívíddarverk, hljóðverk, myndband, gjörning eða dans. Markmiðið er að gera verk út frá eigin sköpunarþörf og í leiðinni að læra tæknina að baki hverri aðferð svo þátttakendur verði sjálfbjarga í listsköpuninni.

2.6.8 Listmeðferð

Markmið listmeðferðar er að þróa persónulega tjáningu og koma sterkum tilfinningum frá sér á uppbyggjandi hátt. Að efla meðvitund um eigin tilfinningar, hugsanir og viðbrögð. Að auðvelda tengingu tilfinninga og hugsana. Einnig að styrkja frumkvæði, sjálfstæði og efla traust og skilning einstaklingsins á sjálfum sér og öðrum.

2.6.9 Huglásar (hindranir)

Þátttakendum eru kynntar hugmyndir um huglása (Sigrún Jóhannesdóttir, 2010, sjá einnig fylgiskjal IX) og þeir hvattir til að láta þá ekki ná tökum á sér. Vera á varðbergi og kveða niður allt sem gæti dregið kjarkinn úr þeim eða náunganum. Algengir huglásar eru „þetta get ég ekki, ég kann þetta ekki, ég er ekki svona hugmyndarík/ur“. Markmiðið er að gera þátttakendur óhrædda við að prófa sig áfram við að gera tilraunir með skapandi leiðir í huga.

2.6.10 Umræðu og spurnaraðferðir

Umræður og rýni er stór þáttur í kennsluáðferðum námskeiðanna. Þar fá þátttakendur að upplifa félagslega hvatningu, samveru, örvun, þekkingu og tækifæri til að prófa sig áfram í öruggu umhverfi jafningja.

2.6.11 Verkefni

Verkefni eru mismunandi og fer það einkum eftir áhugasviði þátttakenda. Alltaf eru þó einhver ákveðin verkefni eða þema sem unnið er út frá. Byrjunarverkefnið er alltaf það sama og helst í hendur við fyrstu skynjun þátttakenda. Þar reynir á að muna hvaða áhrifum þátttakandinn varð fyrir í skoðunarferðinni, hvaða liti hann sá, hvaða form voru honum áhugaverðust, rýmisskynjun og tilfinningaáhrif. Þátttakandinn er hvattur til að hafa eins marga þætti í huga og hann getur þegar hann á stuttum tíma rífur niður liti og form úr dagblöðum og límur á karton sem klippimyndaverk. Verkin eru svo hengd upp og rýnd í sameiningu af hópnum, leiðbeinandinn reynir að draga sig sem mest út úr umræðunni en athugar að umræðan sé á sem jákvæðustum nótum og að allir fái hrós. Mestu skiptir í byrjun að þátttakendur átti sig á að allt sem þeir skapi sé ásættanlegt og betra sé að gera eitthvað en ekkert. Næstu verkefni eru í höndum þátttakenda en leiðbeinendur kynna þó alltaf einhverja listamenn og biðja þátttakendur um að gera verk í anda einhvers listamanns en með náttúruskoðunina að leiðarljósi og út frá eigin hugmyndum. Einnig kynna leiðbeinendur ný verkfæri og/ eða aðferðir sem þátttakendur eru hvattir til að prófa með eigin hugmyndir í fararbroddi sem tengjast upplifuninni. Þannig er ávallt verið markvisst að þröngva þátttakendum til að rifja upp í minningunni upplifunina úr náttúruskoðuninni og nýta sér myndir, eigin nótur og hugkort til þess að þjálfa sjálfstæð vinnubrögð. Umfjöllun um listaverkin er mjög mikilvæg og leiðbeinendur geta notað þann vettvang til að sýna fram á formbyggingar, litanotkun, efnistösk, verkfærni og fl. auk þess að vera markvisst að ýta undir sjálfstraust þátttakenda. Ef þátttakendur hafa áhuga á einhverju sem leiðbeinendur hafa ekki beinlínis kynnt sem hluta námskeiðs en leiðbeinendur hafa á valdi sínu að kenna eða leiðbeina um, þá fá þeir þátttakendur aðstoð eftir þörfum og áhuga.

3 Nánari útlitun á undirþáttum rannsóknarinnar

3.1 Hugleiðingar um rannsóknarspurninguna

Þegar kom að því að ákveða hvað hægt væri að skoða í þessu náttúrunámskeiði komu margar spurningar til greina. Hugmyndir sem tengdust líðan þátttakenda fyrir og eftir námskeiðin. Einnig beinar spurningar um hvað þetta námskeið gæfi þátttakendum og hvort þetta námskeið kæmi að gagni við eflingu einstaklingsins. Kennsluaðferðir náttúrusmiðjunnar þóttu einnig áhugaverður útgangspunktur. Að endingu var rannsóknarspurningu varpað fram og hún er: *hvernig geta kennsluaðferðir náttúrusmiðjunnar við listsköpun ýtt undir sjálfstæði, sköpun, þátttöku, samvinnu og þannig eftl einstaklinginn?*

Undirspurningarnar eru: hvað í náttúrusmiðjunni ýtti undir sjálfstæði, sköpun, þátttöku, samvinnu, gleði, nánd, nám, væntingar og starfsorku. Allir þessir þættir styðja við þau markmið sem sett eru upp í námskeiðunum og virka eflandi á fólk. Þá þurfti að huga að hvernig rannsóknaraðferð hentaði. Við nánari umhugsun völdust eigindlegar rannsóknaraðferðir þar sem hægt væri að skoða hegðun, verklag og svipbrigði þátttakenda og fá þá innsýn í líðan þeirra.

3.2 Rannsóknaraðferð (eigindleg rannsókn)

„Eigindlegar rannsóknir beinast að því að afla gagna um það hvernig fólk túlkar umhverfi sitt og aðstæður. Þetta er gert með því að fylgjast með fólk í daglegu umhverfi þess og taka viðtöl þar sem spurningar og svör eru ekki á stöðluðu formi heldur miða að því að fá viðmælanda til að lýsa reynslu sinni og upplifun“ (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Í eigindlegri rannsókn leitast rannsakandinn við að safna gögnum sem hann rýnir svo í og finnur heildrænt samhengi. Helstu einkenni eru að lýsa, túlka og skilja samhengi hlutanna. Eigindlegar rannsóknir byggja á aðleiðslu, sem er röksemdarfærsla þar sem alhæft er út frá rannsóknargögnum. Forsendurnar styðja því niðurstöðuna en tryggja hana ekki. Rannsakendur skoða fólk og aðstæður út frá heildrænu samhengi og reyna að skilja þá merkingu sem fólk setur í líf sitt og aðstæður. Eigin skoðunum, viðhorfum, trú og fyrirframhugmyndum rannsakanda er ýtt til hliðar og rýnt í aðstæður og gögn út frá mismunandi sjónarhornum sem öll eru jafn mikilvæg og verðug rannsóknar. Rannsóknirnar eru sveigjanlegar og henta margskonar aðstæðum og hópum. Eigindlegar rannsóknir eru kerfisbundnar, krefjast mikillar nákvæmni og fylgja ákveðnum reglum, en eru ekki staðlaðar. Rannsóknargögnin eru lýsandi, rannsakandinn er rannsóknartækið og áherslan er á skilning og merkingu gagna. Markmiðið með rannsókninni er að skynja veröldina eins og þátttakendur skilja hana. Eigindleg rannsókn

felst í að öðlast betri skilning á því sem við erum skoða/rannsaka. Það erfiðasta við að stunda eigindlegar rannsóknir, er að vinna úr gögnunum, ná góðu samhengi. Þýðingarmikið að hafa í huga, er að lesa og rýna öll gögnin, allan texta, dagbækur, myndir og upptökur með glöggskyggni (Rannveig Traustadóttir, 2011).

3.3 Greinandi aðleiðsla

Greinandi aðleiðsla er aðferð til að prófa kenningar eða tilgátur sem skoðaðar eru út frá gögnunum. Í byrjun rannsóknarferils er þróuð skýring á því sem er verið að rannsaka, skýringin er borin saman við gögnin um leið og verið er að safna þeim. Skýringin er endurskoðuð reglulega með samanburði við ný gögn um leið og verið er að leita að einhverju sem ekki fellur undir skýringuna. Svona aðlagast skýringin gögnum þar til hún passar (Bogdan, R.C og Biklen S.K, 2002:70–72).

3.4 Þátttakendur á náttúrunámskeiðunum

Valið var að bjóða fullorðnu fólki sem hefur lent í sálrænum áföllum og er nú án vinnu að taka þátt í grunnnámskeiði í náttúrusmiðjunni. Hér er um að ræða fólk sem misst hefur atvinnuna tímabundið vegna kreppunnar eða vegna andlegra veikinda og er að vinna að því að byggja sig upp og komast á vinnumarkaðinn aftur. Hlutverkasetur sem er atvinnuendurhæfingarstofnun bauð fram aðstöðu sína og gaf einnig leyfi til að auglýsa eftir þátttakendum í verkefnið á vef Hlutverkaseturs ásamt því að auglýsa það á námskeiðum hjá þeim og leita fanga hjá tengilið í VR. Þetta reyndist mjög vel og þátttakendur komu bæði úr hópi atvinnuleitenda og þeirra sem eru í endurhæfingu. Þátttakendur voru af báðum kynjum en þó konur í meirihluta. Vali í grunnnámskeiðin tvö (maí 2011 og desember 2011) var ekki stýrt, heldur voru það einungis þeir sem höfðu áhuga sem skráðu sig og mættu. Gerð var sú krafa að þeir sem vildu vera með yrðu að mæta þrjá daga af fimm, eða u.þ.b. 60% af námskeiðinu. Skylda var að mæta mánudag og föstudag ásamt einum virkum degi í viðbót. Það eru samtals 13 tímar af 21 tíma. Reynslan sýnir að flestir þátttakenda voru mjög virkir og mættu alla daga.

- Á fyrsta grunnnámskeiði taldi hópurinn 11 manns (10 konur og 1 karl)
- Á síðara grunnnámskeiði var hópurinn aðeins 5 manns (3 konur og 2 karlar) þó höfðu verið skráðir 10 á skráningarlista en óvænt veikindi komu upp.

Ekki var krafist neinnar listmenntunar eða grunnþekkingar í listgreinum. Mjög fjölbreytilegur hópur sótti þessar smiðjur og var þeim boðið að taka þátt í framhaldssmiðju í lok janúar 2012, það þáðu 8 manns af 16 (7 konur og 1 karl á aldrinum 25 til 65 ára).

Þeir sem ekki þáðu að vera með í framhaldssmiðjunni voru ýmist:

- komnir með vinnu (2)
- voru erlendis (2)
- í skóla (2)
- gat ekki gefið sér tíma (1)
- veik og treysti sér ekki á framhaldsnámskeið (1)

3.4.1 Skipulag námskeiða

Fyrsta námskeiðið var grunnnámskeið sem var haldið dagana 23. til 27. maí 2011, frá mánudegi til föstudags frá kl. 10 til 14 alla dagana. Þátttakendur voru ellefu og kennarar tveir.

Annað námskeið var einnig grunnnámskeið sem var haldið dagana 2. til 4. desember 2011, frá föstudegi til sunnudags frá kl. 10 til 17 alla dagana. Þátttakendur voru fimm og kennarar tveir.

Þriðja námskeiðið var framhaldsnámskeið haldið 30. janúar til 3. febrúar 2012, frá mánudegi til föstudags frá kl. 10 til 14 alla daga nema föstudag þá stóð það til 15. Þátttakendum af grunnnámskeiðunum var boðin þátttaka og nýttu sér það átta þátttakendur en einn veiktist eftir fyrsta daginn. Kennarar á framhaldsnámskeiði voru þrír og tveir af þeim kenndu á fyrri námskeiðum.

3.4.1.1 Framkvæmd námskeiða

Fyrsta grunnnámskeiðið byrjaði með kynningu á þátttakendum og stuttri kynningu á fyrirkomulagi (sjá fylgiskjal I). Skoðunarferð var farin niður í fjöru við Fossvog þar sem þátttakendur mynduðu, tíndu, skráðu, skoðuðu, skynjuðu og upplifðu fjöruna. Hugkort og myndir voru gerð eftir tveggja tíma útiveru. Þátttakendur völdu áhugasvið til að vinna út frá og gerðu skissur. Daginn eftir var listamaður kynntur og þátttakendur gerðu verk í anda hans með fjöruna í huga, síðan fengu þeir aðstoð eftir þörfum við að byrja á verkefni að eigin vali eftir áhugasviði. Næst var skylduverkefni í þrívídd. Lokadagurinn var nýttur í frágang verka, rýni og uppsetningu á sýningu. Kennarar voru með fyrirlestur í seinni hlutanum um náttúru-listamenn og opnuðu svo sýningu á verkunum. Vikunni lauk á umræðum um verk og náttúrusmiðju.

Grunnnámskeið tvö var eins uppbyggt en var haldið yfir helgi, frá föstudegi fram að sunnudagskvöldi (sjá fylgiskjal II). Stundafjöldinn var þó sá sami. Skoðunarferðin var farin á sama stað en á allt öðrum árstíma og því var upplifunin gjörólík.

Þriðja námskeiðið var framhaldsnámskeið (sjá fylgiskjal III) og því var enn meira lagt upp úr sjálfstæðri vinnu þátttakenda. Skipulagið var í grunninn það sama, safna sýnum, skynja og skoða en skoðunarferðin var í Öskjuhlíðina þar sem þátttakendur fengu leiðsögn um minjar og áhugaverða staði í Öskjuhlíðinni fyrir og nú ásamt ágrípi af sögu grjótnámu og hitaveitu í Reykjavík. Ennfremur var fjallað um búskaparhætti í Skildinganesi fyrir stríð, konungskomu 1874 og menntunarbaráttu kvenna uppúr aldamótum 1900. Þátttakendum var uppálagt að nýta sér leitarvélur til að vinna að hugmyndum um verk sem tengdist upplifuninni í Öskjuhlíðinni, skissa og gera hugkort. Einnig gerðu þeir klippimynd sem við rýndum í sameiningu. Daginn eftir var gífs kynnt sem valmöguleiki til að vinna með og næstu daga einnig bókagerð, sögugerð og þrykk. Þátttakendur luku við verk sín fyrir hádegi á föstudegi og þá voru verkin rýnd í sameiningu af hópnum, sett upp sýning. Þar á eftir voru hópumræður innan hópsins og nokkrum spurningum svarað skriflega.

3.5 Túlkun gagna

John Dewey sagði að nemendur læri ekki bara það sem kennt er heldur læra þeir af öllu sem gerist í umhverfi þeirra (Dewey, 2000b:98–101). Margir fræðimenn taka undir þetta og telja að eftir því sem nemandinn sé eldri því flóknari sé tilveran og lærdómurinn sem á sér stað í nemendahópnum. Því þarf að skoða vel aðstæður, umhverfi, andlegt ástand, líkamsstöður, líkamstjáningu, samspil þátttakenda og leiðbeinanda, samvinnu, verklagni, spurningar, svör og allar upptökur til að geta ráðið í hvað þátttakendur læra á námskeiðinu. Við túlkun gagna hefur verið reynt að ráða í myndbönd, ljósmyndir, dagbækur, hugkort, verk, viðtöl og athugasemdir. Við túlkun gagna verður að hafa í huga réttmæti túlkunarinnar. Það verður að vera hægt að lesa túlkunina út úr gögnum og það er rannsakandans að gera það á réttmætan hátt. Gæði túlkunarinnar er í höndum rannsakandans. Það fer eftir færni rannsakandans, þekkingu hans á efninu, næmni hans fyrir rannsóknarefninu og kunnáttu hans í tungumálinu og á þau verkfæri sem hann notar sér til aðstoðar við greininguna hversu vel tekst til (Kvale o.fl., 2009:196).

3.6 Rannsóknargögn

Við rannsóknina voru notaðar dagbækur þátttakenda og rannsakanda, viðtöl við valda einstaklinga, hópviðtöl, hljóð og myndbandsupptökur. Einnig voru verk þátttakenda mynduð og þeir myndaðir við verkefnavinnu. Þátttakendur veittu skriflegt leyfi fyrir gagnanotkun (sjá fylgiskjal VIII). Við eftirvinnslu gagna var stuðst við forrit sem greinir tíðni orða AntConc 3.2.4w sem er hannað af Laurence Anthony. Það hjálpaði mikið þegar verið var að fara yfir textana og bera þá saman.

3.7 Dagbækur

Þátttakendur fengu dagbækur í byrjun námskeiðs og þeir voru hvattir reglulega til að skrifa hjá sér upplifun sína af námskeiðinu, hvað var skemmtilegt, það sem þau vildu muna betur, nýjar hugmyndir að verkum eða verkaðferðum, eða hvað það sem þau vildu setja í dagbækurnar. Þátttakendum var gert grein fyrir því að bækurnar yrðu yfirfarnar í trúnaði og myndu nýtast til greiningar að námskeiði loknu en að þau fengju þær til varðveislu síðar.

Rannsakandi hélt líka dagbók yfir það sem gerðist á námskeiðunum, um hvað hefði farið úrskeiðis, hvað mætti bæta, hvað gekk vel upp og hvernig þátttakendum miðaði áfram í sköpun, verklagni, vinnu. Hvernig þátttakendur voru hvattir áfram, hverjir þurftu hvatningu og hverjir hvöttu, hvað mætti betur fara og hvað gekk upp.

3.8 Viðtöl

Í viðtölunum var leitast við að hafa fáar en hnitmiðaðar spurningar sem áttu að ýta undir að þátttakendur segðu meira frá eigin upplifunum og kæmu með dæmi frá eigin sjónarhorni. Ekki var um eiginleg viðtöl í fyrsta grunnnámskeiðinu því það hafði ekki verið á dagskránni að skoða það til meistaranáms þegar það var haldið í maí. Rætt hefur verið aðeins við nokkra þátttakendur af fyrsta grunnnámskeiði á framhaldsnámskeiðinu sem þeir mættu á. Viðtölin á grunnnámskeiði tvö voru einkaviðtöl sem voru hljóð- og myndskráð. Á framhaldsnámskeiðinu var hópumræðufundur sem einnig var tekinn upp á myndband og hljóðupptökutæki. Viðtölin voru slegin inn orðrétt í tölvu til frekari greiningar. Ætlunin var að taka alla þátttakendur á námskeiði þrjú í einkaviðtal í lokin á námskeiðinu en þar sem að einn þátttakandi baðst undan einkaviðtali og tíminn var orðinn naumur var brugðið á það ráð að hafa hópumræður með hljóðupptöku. Í lokavinnslu hefur verið talað við nokkra af þátttakendum um upplifun þeirra af námskeiðunum eftir að þeim lauk.

3.9 Ljósmyndir

Þátttakendur voru hvattir til að koma með eigin myndavélar til að skrásetja náttúruna eins og þeir upplifðu hana. Þeir sem það kusu fengu að prenta út myndir í Hlutverkasetrinu til að vinna með. Einnig voru myndavélar í boði fyrir þá sem vildu nýta sér þær í náttúruskoðuninni. Þessar myndir gátu þátttakendur nýtt sem skissur, í verk eða til nota í minningasmiðjunni (sjá 2.5). Sumir þátttakendur skiluðu af sér myndum til Hlutverkaseturs til eignar og ráðstöfunar.

3.10 Upptökur (mynd og hljóð)

Þátttakendur voru látnir vita í byrjun námskeiða að myndatökur, myndbandsupptökur og hljóðupptökur yrðu gerðar með reglulegu millibili. Þátttakendur gáfu samþykki fyrir þessu og strax á öðrum degi var eins og þeir yrðu ónægir fyrir myndavélum og upptökutækjum. Það var einungis í einkaviðtölum sem að þátttakendur sýndu einhver viðbrögð við myndbandsupptöku. Þá var vart við einskonar feimni og að þau yrðu svolítið vör um sig. Notast var við myndupptökutæki Listkennsludeildar LHÍ á þrífæti sem látið var standa á lítt áberandi stað langtímum saman. Tækið tók að jafnaði upp tíu mínútur í einu á minniskort. Einnig var notast við myndbandsupptökutæki sem haldið var á og farið var með á milli manna. Það tæki er 8mm spólutæki, með 60 mínútna spólu. Hljóðupptökutæki var fengið að láni hjá LHÍ en það reyndist ekki mjög vel og því voru hljóðupptökur teknar upp á gsm síma þegar á þurfti að halda. Síminn er sérstaklega hannaður fyrir hljóðupptökur og spilun. Það kom sér vel og nýttist einstaklega vel að hafa allar skrárnar í símanum því þá var hægt að hlusta á upptökurnar við hvert tækifæri, hvar sem var og það var óspart notað á tíðum ferðum í strætisvagninum.

3.11 Listverk

Þátttakendur hafa búið til teikningar, málverk, vatnslitamyndir, skúlptúra, lágmyndir, bækur, ljóð, klippimyndir, þrykkmyndir, ljósmyndir, hreyfimyndir og sögur. Verkin eru fjölbreytt og sýna að þátttakendur eru að skynja veröldina bæði nálægt og í fjarska, einnig með innri tilfinningu og minningum.

3.12 Listsýningar

Í lok hvers námskeiðs hefur verið sett upp sýning í húsakynnum Hlutverkaseturs.

Uppsetningin var í höndum þátttakenda með aðstoð frá leiðbeinendum. Fyrst eru verkin skoðuð, þátttakendur fá að skýra verkin sín út og svo er þeim raðað saman. Hvað fer best með hverju og aðstaðan er skoðuð með tilliti til hvernig verkin eru og hverskonar sýningar og upphengimöguleikar eru í boði. Þátttakendur hengja síðan verkin upp. Oftast hefur verið boðið uppá fræðslukynningar um listamenn um leið og sýningin opnar. Það hefur trekt að áhorfendur sem jafnvel síðar eða áður hafa tekið þátt í námskeiðum. Ekki hefur verið boðið formlega til sýningarinnar en því fólki sem statt er hverju sinni í húsakynnum Hlutverkaseturs er boðið á sýningu.

3.13 Gagnrýni nemenda

Hugmyndir nemenda, gagnrýni og hrós er skráð og haldið er utanum þessar upplýsingar þar sem þær stuðla að betri námskeiðum í framtíðinni, því námskeiðin eru í stöðugri þróun. Horft

er sérstaklega til gagnrýni sem stuðlað getur að betri kennslu, fleiri kennslumöguleikum og hugmyndum sem gætu auglýst starfsemina eða verið til bóta fyrir þátttakendur.

3.14 Siðferðislegar spurningar

Er hlutleysi rannsakanda tryggt? Þegar rannsakandi sjálfur er hluti kennarahópsins er erfitt að tryggja það að hann sé algerlega hlutlaus. Ósjálfrátt tengist kennari alltaf nemendum sínum einhverjum böndum og hér hefur verið leitast við að gera öllum jafn hátt undir höfði. Einnig ber að hafa í huga tengsl listkennara, við erum allar að vinna í Hlutverkasetrinu og erum úr sama árgangi listkennara frá LHÍ 2011 og þekkjumst því nokkuð. En hvernig gekk samvinna listkennara úr ólíkum listgreinum, fengu allir listkennarar jafnt vægi, gátu þeir unnið á sínum forsendum, unnu þeir saman eða í sitthvoru lagi? Skipti það máli fyrir rannsóknina?

Skiptir kynjahlutfall máli fyrir rannsóknina? Janet Hyde gerði rannsókn árið 2005 sem sýnir að kynjamunur er lítil sem enginn þegar kemur að því að læra. Hún segir að það sé meiri munur á milli einstaklinga innan hópsins heldur en kynjanna. Því sé fáránlegt að tala um að annað kynið sé betur til fallið að læra eitthvað ákveðið (sjá í Hattie, 2009:55–56). Framkoma kynjanna og samskipti er þó mismunandi og það getur skipt máli. Þess vegna ber að skoða það sérstaklega hvort það komi í ljós hér.

En hvað með þátttakendur á fyrri námskeiðum, í Hlutverkasetrinu, hafa þeir einhverja sérstöðu fram yfir aðra þátttakendur. Þeir þekkja umhverfið, kennarana, aðstöðuna og eru heimavanir. Hvernig taka þeir nýju þátttakendunum, af vinsemd og virðingu, eða með yfirgangi og frekju? Hvernig gekk samruni námskeiða þegar boðað var til framhalds-námskeiðs?

Þetta eru ekki einu spurningarnar sem þurfti að huga að því spurningin um hvort sækja þyrfti til persónuverndar vegna þessarar rannsóknar var áleitin. En þar sem ekki er verið að skoða neinar sjúkrasögur né grafast sérstaklega fyrir um veikindi þátttakenda var það ekki gert. Þátttakendur voru þó beðnir um skriflegt leyfi fyrir öflun rannsóknargagna og notkunar á þeim og var það fúslega veitt (fylgiskjal VIII).

4 Greiningar

Eins og hefur verið fjallað um áður eflumst við með því að skynja lífið með áhuga barns og einbeitingu, reyna nýja hluti, hlusta á tilfinningar, vera heiðarlegur, viðbúinn gagnrýni, axla ábyrgð, vinna vel og átta sig á veikleikum sínum og reyna að yfirvinna þá (Anna Valdimarsdóttir, 1999:61).

4.1 Grunnnámskeið

Á fyrsta námskeiði í maí gerðu þátttakendur klippimyndaverk úr tímaritum með fjöruna sem uppsprettu hugmynda, verkin reyndust litrík og sýndu góða formskynjun. Sum þeirra höfðu einnig góða myndbyggingu og mikla fjarviddartilfinningu. Eitt verkið stakk þó í stúf fyrir það að hafa miklu sterkari og skærari liti. Auk þess að hafa mikið af blómum sem ekki vaxa hér á landi. Þegar þetta er skoðað nánar hafði þátttakandinn grafið upp minningar frá æskustöðvum í Brasilíu og var með þær að leiðarljósi við gerð myndarinnar. Í rýni (sjá 2.6.6) sem fór á eftir töluðu margir um að þeir hefðu líka upplifað það að hafa hugsað til þess tíma sem þeir höfðu skoðað fjörur áður fyrr. Við klippimyndagerð í anda franska listamannsins Henri Matisse næsta dag voru þátttakendur misgóðir með skærin en þeir lærðu fljótt af þeim sem þjálfari voru og áttuðu sig á að það var hægt að klippa mörg blöð í einu til að fá sama formið. Það voru margar góðar myndir sem voru gerðar þann dag en uppúr stóð hversu samheldinn hópurinn var orðinn. Þarna höfðu þau setið saman allan daginn og klippt, límt og aðstoðað hvert annað. Rætt um heima og geima, rýnt í verkin í sameiningu og voru ánægð með árangurinn. Eftir umræður og spurnaraðferðir (sjá 2.6.10) voru þau orðin lunkin með að segja sína skoðun á verkum hvors annars og einnig að gefa og taka hrósi. Á þriðja og fjórða degi voru þátttakendur iðnir og unnu að verkum sínum í ró og friði. Stundum voru þau að gantast sín á milli með hugmyndir og uppástungur. Þá kom einnig í ljós að einn þátttakandi kunnir nokkur skil á listmeðferð (sjá 2.6.8) og hafði tekið þátt í nokkrum meðferðarnámskeiðum. Þetta veitti öllum smá innsýn í listmeðferðir og við sáum að sumt af listmeðferðarmarkmiðunum á við markmið okkar í námskeiðunum. Þetta á sérstaklega við hugmyndir okkar um að efla meðvitund um eigin tilfinningar, hugsanir og einnig að styrkja frumkvæði, sjálfstæði, traust og skilning einstaklingsins á sjálfum sér og öðrum. Þó er grundvallarmunur á listmeðferð og listsköpun. Á sýningardaginn settu þau upp sýningu og stoltið leyndi sér ekki, samvinnan var til fyrirmyndar og hugmyndaáríkar upphengingar skreyttu salina. Eftir fyrirlestur um náttúruvistamennina Andy Goldsworthy og Hermann de Vries spunnust upp miklar umræður um náttúruverk þeirra, hugmyndir listamannanna og verkaðferðir og skapandi leiðir (sjá 2.6.7) en sitt sýndist hverjum, sum voru mjög hrifin. Þessa sömu helgi fór

einn þátttakandinn niður í Elliðaárdal og bjó til útilistaverk. Þessi þátttakandi hafði verið mjög duglegur á námskeiðinu sjálfu og verið að hugsa um ný verk á hverjum degi. Hann gat bara ekki hætt og varð að prófa að gera útiverk. Það var sammerkt með öllum þátttakendum á þessu fyrsta námskeiði að hugmyndaflug þeirra efldist á hverjum degi og setningar eins og „ég kann þetta ekki“ eða „ég get þetta ekki“ viku fyrir setningum eins og „hvernig gerir þú þetta?“ eða „er hægt að gera eitthvað svona?“ Þetta merkti að huglásar (hindranir; sjá 2.6.9) voru á undanhaldi og þau voru að þroska með sér sjálfstæði og öðlast nýja þekkingu.

Á grunnnámskeiði tvö var komið fram í desember, allt var hvítt af snjó og farið var í fjöruna í Fossvogi á sama stað og fyrr. Nú brá svo við að það var stemningin sem réði ríkjum, himininn dökkblár, varla farið að skíma og hvítur snjór yfir öllu, dimmblár sjórinn og hvítir svanir tóku á móti okkur. Hópurinn varð hljóður eins og í kirkju og skoðaði. Enginn einn skoðaði eins og annar, sumir skoðuðu aðallega fótspor og gárur í fjörunni, aðrir voru alveg upp við kletta-vegginn að grandskoða klaka, línur og berg, enn aðrir stóðu og horfðu út á haf og virtust vera í innri skoðun á tilfinningum og hugsunum, einn orti ljóð í snjóinn og annar bjó til kall með hjarta úr þangi. Skilningarvitin (sjá 2.6.2) voru þanin. Allir skoðuðu en hver með sinni aðferð og eftir sínu höfði, enda erum við öll ólík. Á myndbandinu er hægt er að greina þau gera nákvæma skoðun, flýtiskoðun þar sem þau gjóa augunum yfir allt en stoppa hvergi lengi við og innri skoðun þar sem þau lygna aftur augunum og leita eftir tilfinningum eða minningum. Einnig hvernig samspil þátttakendanna býr til sameiginlega upplifun, tengingu við náttúruna og margt fleira. Upplifunin þeirra og námsnálgun (sjá 2.6.3) er líka mismunandi og það kom strax fram í hugkortunum (sjá 2.6.4) og eins í klippimyndunum sem þau gerðu strax eftir skoðunina. Nú brá svo við að allar myndirnar innhéldu mikið af hvítum svæðum (snjórinn) myndirnar voru þó mjög fjölbreyttar og sýndu hvað þátttakendur höfðu verið að rannsaka fjöruna á mismunandi máta. Þátttakendur gerðu svo svart/hvítar klippimyndir af formum úr fjörunni sem þau höfðu grandskoðað í náttúruskoðuninni. Þau útbjuggu fjöldann allan af myndum sem var stillt upp í öðru rými á meðan þau framleiddu. Svo var þeim boðið á eigin samsýningu og í framhaldi af því urðu umræður og spurningar. Helst voru þau hissa á hversu margar myndir þau höfðu gert á stuttum tíma og hvað myndirnar voru ólíkar. Einn þátttakandinn hafði gert fleiri myndir en hinir og þegar farið var að spyrja út í það kom í ljós að hann hafði á valið að skera út samanbrotin blöð og þá fengið fleiri form í einu. Þetta þótti hinum áhugavert og ræddu þau klippiaðferðir í góða stund. Síðan gerðu þau verk að eigin vali sem reyndust verða teikningar og akrýlverk. Þegar þau voru tilbúin með þau var farið að

skoða þau saman og rýna, þau prófuðu einnig að gera jafningjamat á verkum samnemenda (sjá kennsluaðferðir Marvin Bartel 2.4).

4.2 Framhaldsnámskeið

Á framhaldsnámskeiðinu var byggt á fyrri reynslu þátttakenda á skoðun og skynjun (sjá 2.6.2) því var yfirferðin hröð í Öskjuhlíðinni, en ætlunin var að þátttakendur myndu sjálfir fara og skoða og skynja nánar í frið og ró það sem fangaði athygli þeirra og passaði viðfangsefninu eftir leiðsögnina. Nokkrir þátttakendanna réðu ekki við hraðann og drógust afturúr því það var alltaf eitthvað sem fangaði athygli þeirra. Í framhaldinu unnu þátttakendur með hugmyndir, minningar og tilfinningar eftir minningasmiðjuhugmyndum (sjá 2.5). Hugkortagerð (sjá 2.6.4) var skylda eins og á fyrri námskeiðum og dagbókarskrif en einnig var gefinn kostur á góðum skissuvinnutíma sem þátttakendur nýttu misvel og síðan voru kynntir valmöguleikar námskeiðsins fyrir þátttakendum svo þeir gætu hugað að skissum að listverki fyrir næsta tíma. Allir þátttakendur notfærðu sér það og komu með hugmynd að verki daginn eftir en þá var farið yfir verkáætlunargerð fyrir listverk (sjá fylgiskjal VII) og möguleikana sem væri hægt að nýta sér við verkin. Hugkortin voru skoðuð og rætt um hvaða leiðir þau vildu fara í verkunum. Síðan fengu þau leiðsögn í gifsinu og þeir sem vildu prófuðu sig áfram í tilraunum með það. Leiðir til að fara í efniskönnun (sjá 2.6.5) voru kynntar og verkaðferðir í þrykki, bókagerð og sögugerð. Niðurstaðan varð sú að þátttakendur gerðu flestallir þrjú í gifsi og þrykki. Næstum allir gerðu bækur og nokkrir kláruðu gifsverk sem voru afsteypur en tveir gerðu flóknari verk annar lágmynd og hinn stytta. Mikil vinna var fólgin í flóknari gifsverkunum og þeir þátttakendur unnu því saman á vinnustofunni, tveir einir með kennara. Þeir töluðu mikið saman og urðu vinir, annað þeirra nefnir það sérstaklega í dagbók. Aðrir þátttakendur voru á sama tíma í alrými að vinna að undirbúningi mynda í bækur eða að bókunum sjálfum. Þegar búið var að setja upp sýninguna sem nú samanstóð af gifsverkum, bókum, tússteikningu, ljóðum og stuttmynd var sýningin opnuð og áhorfendum sýnd stuttmyndin og þeir beðnir um að taka þátt í smá gjörningi. Eftir það voru kynntir tveir náttúrulistamenn sem einnig eru náttúruverndarsinnar það eru þær Agnes Denes og Betty Beaumont. (Það var með ráðum gert að hafa þetta tvo kvenmenn núna til að vege upp á móti því að hafa kynnt tvo karlmenn á grunnnámskeiðinu). Þetta var einnig hugsað sem liður í umræðuna sem við höfðum farið aðeins í þegar við veltum fyrir okkur stöðu kvenna í Reykjavík um aldamótin 1900 og eflingu (sjá 2.6.1) þeirra. Eftir sýninguna og léttu fyrirlesturinn svöruðu þátttakendur einu matsblaði, sjálfskönnunarblaði sem unnið var uppúr kenningum Marvin Bartels svo hófust kliðfundur

(umræður) um námskeiðið sem var stjórnað þannig að einn fékk að tala í einu. Þau voru flest mjög dugleg að tjá sig.

4.2.1 Samanburður milli námskeiða

Fyrsta grunnnámskeið var tilraun á frumhönnun á náttúrunámskeiði sem leiðbeinendurnir höfðu mikla trú á og vildu allt í sölurnar leggja til að það sannaði sig og gæfi þátttakendum það sem óskað var eftir. Trú á getu sína, öryggi til að skapa sjálfstætt, verkaðferð til að vinna eftir, gleði, ánægju og starfsþrek. Þó að engin formleg könnun hafi verið á því hvort að þessum markmiðum hefði verið náð var gerð smá könnun um líðan þátttakenda fyrir og eftir námskeiðið. Svörunin var mjög jákvæð, allir töldu líðan sína betri en ekki er hægt að segja til um hvað það var sem bætti líðan þeirra, var það útiveran, eða aginn, að þurfa að mæta á ákveðnum tíma, sköpunin, ánægjan við að sjá að geta var meiri en haldið var...eða allt sem spilaði inni. Þetta er ekki hægt að segja til um því hvorki hefur verið gerð nein könnun á því né hafa þátttakendur verið spurðir beint um þetta.

Annað grunnnámskeiðið var markvissara að því leyti að núna var vitað að rannsókn yrði gerð á námskeiðinu og undirbúningur því nokkuð öðruvísi. Leyfi fyrir rannsókninni þurfti að fá hjá þátttakendum og voru þeir látnir vita um hvað stæði til um leið og þeir skráðu sig.

Námskeiðið átti að vera eins og það fyrsta nema haldið yfir helgi. Við það þjöppuðust dagskrárliðir saman og tímafjöldi sem þátttakendum er gefinn til að hugsa um verkefnin utan tímasóknar stytur. Námsefnið var þó það sama, kennarar þeir sömu, skoðunarferðin í sömu vík og fyrr en árstíðin var breytt, hópurnin átti að vera jafn stór og sá fyrri og var skráningin eins en óvænt á síðustu stundu breyttust aðstæður þátttakenda og því mætti bara helmingur. Ákveðið var að reyna þetta námskeið þrátt fyrir það, því lokaverkefnið varð að fara af stað og það var búið að fá lánuð tæki og húsnæði, skipuleggja upptökur og fá aðstoð í myndatökur, kaupa mat og fá kokk. Við höfðum húsnæðið út af fyrir okkur og vildum prófa að gera þetta án venjulegar starfsemi hússins. Þetta námskeið varð ótrúlega fínt, allt gekk upp, engin utanaðkomandi truflun og mikil rólegheit. Þar sem þátttakendur voru þetta fáir náðu þeir mjög fljótt saman og mynduðu góðan vinnuanda, mikla gleði og samkennd.

Framhaldsnámskeiðið var vikunámskeið, tímaplanið var eins og á fyrsta grunnnámskeiði og haldið á opnunartíma setursins svo þar var öll venjubundin starfsemi í gangi á sama tíma. Þátttakendur komu nú af hinum námskeiðunum og höfðu því nasasjón af því sem koma skildi. Þeim var þó fljótt grein fyrir að þetta námskeið væri framhaldsnámskeið og yrði því ekki eins og hin. Þau ættu að stóla meira á sig og kennarar væru til aðstoðar ef þau rækju í vörðurnar.

Þess vegna var skoðunarferðin ekki eins mikið skynjunarferð eins og á fyrra námskeiði því nú áttu þau að taka inn upplýsingar í leiðinni. Markmiðið var að sýna þeim hvernig þau gætu tekið upplýsingar um fyrri tíma og bætt þeim við skynjun sína, minningar og upplifanir og búið til verk út frá því. Þau völdu svo sinn útgangspunkt út frá sínu áhugasviði. Þeim var bent á að fara og skynja Öskjuhlíðina enn frekar á eigin vegum ef þörf væri á.

4.3 Túlkun

Þegar kemur að því að túlka það sem gerist á námskeiðunum þá er horft til nokkurra þátta sem talið er að þurfi að vera til staðar til að einstaklingur geti verið sjálfstæður og skapandi. Þessir þættir eru þátttaka í námskeiðinu, samvinna, sköpun, sjálfstæði í úrvinnslu og verkefnavali, nám, gleði, nánd, væntingar og starfsorka. Einnig til nokkurra þátta sem skili þátttakendum á leið til eflingar (sjá 2.6.1.1). Rannsóknin leiðir í ljós að þátttakendur mæta upp til hópa einstaklega vel, vinna vel saman í hóp og skemmta sér. Þeir eru duglegir að hvetja hver annan og áhugasamir um verk sín og annarra, spyrja áleitinna spurninga, vilja fræðast um nýjar aðferðir og hugmyndir listamanna. Þeir sýna mikið hugvit og sjálfstæði í úrvinnslu og hafa miklar væntingar til námsins. Þeir leggja sig alla fram og láta það eftir sér að hafa hugann við verkefnin löngu eftir að heim er komið, vakna jafnvel með nýjar lausnir í kollinum að morgni.

4.3.1 Hvað sýna rannsóknargögnin

Myndirnar sýna mjög iðna og glaða þátttakendur, skoðunaraðferðir þeirra, vinnuaðferðir og stolt þeirra og gleði við uppsetningu sýningar eða að útskýra verkin sín.

Myndböndin eru af þátttakendum að skoða og skynja, einnig af þeim að hlusta á kennarana útskýra verkefni. Bein einkaviðtöl eru fimm og eitt hópviðtal. Svo eru nokkur stutt myndbönd af þátttakendum við vinnu og kennurum að útskýra aðferðir. Gagnrýni og skoðun eru líka á nokkrum myndbútum. Hægt er að greina hvað er virkilega í gangi hjá þátttakendum á meðan kennslan stendur yfir. Þar sjást vel mismunandi lærdómsaðferðir þeirra, sumir horfa aldrei á kennarann, aðrir einblína á hann. Sumir grípa alltaf frammí aðrir segja aldrei neitt, þau hafa hvert sinn háttinn á og þegar búið er að skoða nokkrum sinnum er hægt að greina hvað einkennir hvern þátttakenda. Það er mikilvægt að vita hvaða aðferðir við sköpun munu koma helst til greina fyrir þátttakandann og þá er gagnlegt að bera það saman við útkomuna. Hér er einnig hægt að greina hvort þátttakandanum var sinnt og leiðbeint á þann hátt sem kom honum best miðað við fjölgreind (sjá 2.3) og stýrðist af hans áhugamálum.

Dagbækur þátttakenda voru ærið skrautlegar og sumar mjög skemmtilegar aflestrar.

Upphaflega var ætlast til að þátttakendur nýttu þessar dagbækur til að skrá hjá sér

hugleiðingar, glósur margskonar og hugmyndir að verkum en engar leiðandi upplýsingar voru gefnar um innihald eða aðferðir við að glósa. Því voru dagbækurnar eins ólíkar og höfundar þeirra. Þau þjálfuðust upp í gerð dagbókanna og mikill munur er á dagbókum þeirra sem gerðu tvær bækur á móti þeim sem gerðu bara eina. Síðari bók varð meira eins og listverk eða saga en ekki glósur. Einn þátttakandi skrifaði allar sínar glósur í gormabók sem hún notar á öllum sínum námskeiðum og þar af leiðandi varð hennar dagbók hreinskrifuð og svipaði til þeirra bóka sem voru í ætt við listverk. Þegar rýnt er í innihald bókanna er upplifunin í skoðunarferðum mjög stór partur af bókunum og tækniatriði í litlu vægi en hugmyndir og lýsingar á hugmyndaferli stór partur bókanna. Mikið er um þakkir og hól í garð kennara. Þegar lesið er úr dagbókunum er hægt að skoða marga þætti en skynjunarhugmyndir þeirra, hugleiðingar um verkin, gleði, þakkir og starfsorka var það sem helst var tekið saman og kom rannsókninni mest við. Þetta var greint með því sjónarmiði að sjá hvaða skynjunarháttur er mest ráðandi (í tengslum við minningasmiðjuna), hversu skapandi þau eru (fjölgreindarhugmyndir), hverjar eru væntingar (einstaklingsmiðað nám) og hvaða framtíðarmöguleikar (efling, vinna) koma til greina.

Hugkort voru eitthvað sem mjög fáir höfðu séð áður og ekkert þeirra kunni að gera. Þess vegna eru kortin í flestum tilvikum ansi lík fyrirmyndum sem sett voru upp á töflu en það er samt hægt að rýna í innihaldið og sjá hvað heillaði mest. Var það eitthvað sem virkaði á skynfærin og þá hvaða skynfæri eða voru það gamlar minningar eða tilfinningar. Jafnvel áunnin þekking. Hvernig tengdist skoðunarferðin lokaafurðinni og hvað gerðist í millitíðinni?

Hljóðupptökur voru til þess að styðja við myndbandsupptökur en reyndust svo vera ein besta heimildin þar sem mjög auðvelt er að hlusta á upptökurnar og vera með þær tiltækar hvar sem er. Mjög fljótlega var persónulegur stíll hvers og eins í málfari, hegðun og hugmyndum búinn að síast inn í undirmeðvitundina og það hefur hjálpað til við alla greiningar. Það er eins og lifandi mynd hvers einstaklings birtist um leið og hlustað er á talið og líkamlegar hreyfingar (limaburður) hvers og eins rifjast upp í leiðinni.

Sjálfsrýniblöð (fylgiskjal IV) voru lögð fyrir einn hópinn, aðallega til að sjá hvernig það myndi virka á þau og hvort þau gætu dæmt sig út frá eigin vinnuframlagi, hugmyndum og verkefnum. Það virtist taka verulega á þau að svara þessu. Langur tími fór í útskýringar og hugsanlega hefði verið gagnlegra að hafa kliðfund um spurningarnar. Niðurstaðan er að allir telja sig hafa lagt sig mikið eða nokkuð mikið fram og vera að gera góð verk. Enginn á þessum námskeiðum var tilbúinn að setja sig alfarið í lakasta flokkinn.

Jafningjarýniblöð (fylgiskjal V) voru lögð fyrir einn hóp og þau fengin til að rýna allar myndir annars þátttakanda. Þetta þótti þeim frekar erfitt sérstaklega þar sem þau vissu að sá sem þau voru að rýna myndi vita hver hefði rýnt og geta séð hvað þau gáfu fyrir. Þeim var boðið að þessu yrði haldið leyndu og blöðin yrðu bara tekin en þá fengju þau ekki að vita hvað þau hefðu fengið fyrir sín verk. Þau ákváðu þá í sameiningu að fá að sjá blöðin og þá í leiðinni upplýsa hver hefði gefið hverjum fyrir. Þau voru almennt mjög jákvæð í fyrirgjöfum en samt nokkuð nösk á að benda á gallana. Það er mjög gagnlegt að nýta þetta tækifæri til að þjálfra þau upp í að segja sína skoðun og taka gagnrýni annarra. Þarna getur leiðbeinandinn einnig stjórnað umræðum um hversu mikilvægt það er í þjóðfélaginu að geta rætt málin án þess að vera með ásakanir, særindi eða dónaskap en samt segja sína meiningu.

Spurningablöð (fylgiskjal VI) var lagt fyrir í lok framhaldsnámskeiðs og var fyrirfram vonast eftir löngum og greinagóðum svörum. Það kom því á óvart að flestir þátttakendanna hespuðu svörunum af. Kannski hefði verið betra að senda þeim spurningar í tölvupósti og gefa þeim sólarhring til að svara. Einn þátttakenda hafði þann háttinn á og svör hans voru greinarbetri en hinna en það gæti þó líka verið einstaklingsbundið. Áhættan er einnig sú að þátttakendur hefðu dregið það að svara eða jafnvel alveg gleymt því.

4.4 Samantekt viðtala

Í einstaklingsviðtölum var örlítið stress og kvíði fyrir viðtalinu. Mikil ánægja var með námskeiðið og öllum þótti það gagnlegt, skemmtilegt, hvetjandi, og lærdómsríkt. Margir töluðu um að þeir hefðu uppgötvað eitthvað nýtt, nýjar aðferðir, ný áhugamál, fengið hugmyndir og tekið afdrifaríkar ákvarðanir (þá aðallega fyrir eigin framtíð).

Í hópviðtölum var áberandi hvað allir vildu þakka mikið fyrir gott námskeið og hvað þeim þótti gaman að vinna svona saman. Andrúmsloftið var óþvingað og vingjarnlegt. Þau töluðu um hvað þau hefðu lært mikið nýtt, það hefði tekið á að hugsa svona mikið um verkin en að námskeiðið hefði þrátt fyrir það verið laust við stress, hér væri verið að skapa list en ekki að föndra og að mikill árangur hafi náðst á stuttum tíma. Nokkrir töluðu um að framhaldsnámskeiðið væri ólíkt grunnnámskeiði og það hefði komið þeim á óvart.

4.5 Samanburður viðtala og athugana

Þátttakendur voru mikið að vinna saman, ef einhver var í vafa gátu nærstaddir oft komið til hjálpar og bent á nokkra valmöguleika til lausnar. Þau fylgdust með hvort öðru og hrósuðu fyrir hugmyndaflug, verklagni og dugnað. Þau töluðu um hvað þau hefðu náð vel saman sem hópur og hvað það væri gaman að vinna saman að sameiginlegu markmiði (sýningin). Eftir

námskeiðið hafa margir þátttakendanna verið að hittast á öðrum námskeiðum í Hlutverkasetrinu og hafa þá talað um hvað hópurnir hafi orðið þéttur sérstaklega á framhaldsnámskeiðinu.

4.5.1 Athuganir gerðar í viðtölum

Viðtölin voru annarsvegar einkaviðtöl (fimm einstaklingar) og hins vegar hópviðtal (átta þátttakendur og tveir kennarar). Flestir þátttakendanna í einkaviðtölunum virtust vera feimnir fyrstu mínúturnar en svo rjátlaðist það af þeim. Sérstaklega voru þeir feimnir sem ekki höfðu mætt á nein námskeið í Hlutverkasetrinu áður. Þeir þekktu minna til en hinir og umhverfið þeim ókunnugt. Aðstæður höguðu því þannig að við gátum nýtt lítið viðkunnanlegt viðtalsherbergi fyrir einkaviðtölin. Þar er öllu haganlega fyrirkomið og gott og þægilegt andrúmsloft. Það leið því stuttur tími þar til viðtölin urðu eðlileg og viðmælendur virtust slaka á. Einkennandi í stressinu var hvað kvenfólkið var gjarnt á að breiða yfir sig teppi á meðan karlmennirnir fíktuðu í öllu sem þeir náðu í. Enginn þátttakenda hafði verið í listnámi fyrir utan einn sem hafði tekið Grunnteikningu 1 í Myndlistarskóla Reykjavíkur og áfanga í Tækniskólanum. Allir viðmælendanna höfðu þó orð á því að þeir hefðu gaman af listum og aðspurðir sögðust þeir hafa notið lista á söfnum, í kór, í hannyrðum og föndri. Þrír höfðu tekið þátt í föndurnámskeiðum. Það var sammerkt með öllum viðmælendum að þeir höfðu haft gaman af námskeiðinu og vonuðust til að það nýttist þeim til áframhaldandi sköpunar. Einn viðmælenda talaði um að hann vonaðist til að fara í listnám á næstu önn og að þetta námskeið hefði kveikt í honum með að sækja um í Tækniskólann. Annar viðmælenda talaði um að þetta gæfi honum grunninn að þekkingunni og ýtti við honum til að halda áfram á þessari sköpunarbraut og hann hygðist leggja það fyrir sig, jafnvel reyna að lifa á því að skapa listverk. Allir voru almennt jákvæðir og töldu mikla ró hafa einkennt námskeiðið. Eini neikvæði hluturinn sem þau gátu nefnt var að það væri heldur kalt í húsinu. Þetta var í frosthörkunum í desember og gólfir voru mjög köld.

Hópviðtalið var í litlu stærra herbergi og það rétt rúmaði 10 manns kringum borð og myndavél á þrífæti. Stemningin var indæl, allir voru gláðir og ánægðir, sýningin nýkomin upp og mikil ánægja með afraksturinn. Sem sagt afbragðstími fyrir viðtal enda gekk það vonum frammar. Til að ná því að heyra hvað hver segði og ná því á band var farið á leit við hópinn að láta hlut ganga hringinn og það væri bara sá sem héldi á hlutnum sem mætti tala (kliðfundur). Þannig gæti einn talað í einu og allir hlustað á hann. Þetta gekk mjög vel upp og niðurstöðurnar urðu ánægjulegar. Allir töluðu eitthvað og enginn greip frammí og allt heyrst vel í upptökunni. Þessi aðferð er góð því þetta hjálpaði líka til að fá þau til að leggja við

hlustirnar og heyra virkilega hvað hinir upplifðu. Oft tóku þau undir eitthvað sem þau höfðu heyrt aðra segja þegar það kom að þeim að tala og bættu þá jafnvel við sínum upplifunum. Ein í hópnum átti auðsýnilega í vandræðum með að tala, hún hafði áður beðist undan einkaviðtali og vildi lítið segja þegar kom að henni. Hún slapp þó ekki og var spurð örfárra spurninga þegar kom að henni að tala. Í síðasta hring opnaði hún sig fyrir hópnum og sagði þeim að hún ætti í erfiðleikum með að tala í hópi fólks. Gott var að hún sagði þeim frá þessu og þau tóku henni voða vel. Eftir þessa reynslu er enginn vafi á að það að taka viðtal við lítinn hóp er ánægjulegt fyrir alla aðila, hópurinn nýtur þess að rifja upp sameiginlega reynslu og heyra hvað aðrir hafa til málanna að leggja. Samkennd og skilningur verður líka meiri. Það þarf þó að stýra hópnum til að allir fái að tala svolítið og enginn haldi of langa ræðu. Hópviðtalið gafst mjög vel og skapaðist mikil samstaða í hópnum, stuðningur og hvatning til áframhaldandi sköpunar.

4.6 Tilvitnanir í þátttakendur náttúrusmiðju

4.6.1 Greining á sjálfstæði

Þegar þátttakandinn er öruggur með sjálfan sig, hefur trú á getu sinni, getu til að tjá sig, veit hvað hann vill og tekur sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verk sín þá er hann sjálfstæður. Virðing hans fyrir sjálfum sér verður meiri og hann hefur betri tök á lífi sínu, aðrir sjá það og bera virðingu fyrir honum; „...svolítið þakklát fyrir áskorunina því maður þarf þessar áskoranir til þess að komast áfram“.

Sjálfsmatið styrkist með meiri vitneskju um hver hann er í raun; „...sé meira, læri meira, kann meira, get meira, veit meira, skynja meira“. Gott sjálfsmat gerir okkur kleift að bera virðingu fyrir öðrum (Branden, 2003:16).

Sjálfsvirðing verður einnig meiri þegar hann veit hverju hann getur áorkað; „...heyra í málningunni þegar rúllan fer yfir vakti upp gamlar minningar frá grafík tímanum mínum í Finnlandi, þá öðlaðist ég aftur trú á sjálfri mér og að ég gæti skapað eitthvað“.

Sjálfsvitund er greinanleg þegar hann vaknar til vitundar um sig sem persónu og hæfileika sem hann ræður yfir; „...maður var hræddur við vatnslit af því maður fékk ekkert út úr þeim, þeir virkuðu ekkert svo er manni kennt hvernig þeir eiga að virka...“.

Þátttakandinn skynjar að það er í lagi að mistakast; „...missti móðinn, en á þó alltaf gífsmyndirnar þótt ekki verði annað gert“.

Þátttakandinn er sjálfstæður þegar verkefnið krafðist þess að hann tæki af skarið og kæmi með eigin hugmyndir út frá eigin reynslu eða minningu; „...*tengdi bakhlíð molaformanna við mölina kringum tankana þegar ég hljóp í æsku á svörtu lakkskónum*“.

4.6.2 Greining á sköpun

Þegar þátttakandinn finnur hjá sér þörf á að tjá sig í einhvern miðil, skoðar tilfinningar sínar eða minningar og býr til verk, skissu eða segir frá hugmynd þá er hann skapandi. Þegar hann veit hvað hann getur gert þá hefur hann vald yfir því hvað hann gerir og þá er valdið í hans höndum; „...*og mig langar til að senda henni myndir með listaverkum sem ég hef verið að gera*...“. Óbilandi traust á að hann valdi því sem hann langar til að gera í framtíðinni verður örugglega til þess að hann framkvæmir verkið.

Það að reyna eitthvað nýtt, skapa, aðstoða, að vera þátttakandi eflir mann; „...*ýmsar þælingar tóku sinn tíma*“. Hann þurfti stundum að byrja uppá nýtt. Þátttakandinn fer að trúá á sína eigin getu til sköpunar; „...*um kvöldið fór ég að vatnslita og skrifa*“.

Mikið var um að þátttakendur gerðu verk þegar þau komu heim eða seint að kveldi, þá var einnig eins og sköpunarferlið væri virkt allan sólarhringinn.

Sjálfstraustið eflist og þátttakandinn þorir frekar að framkvæma nýja hluti „*ég hugsaði svo mikið um hvað ég ætti að búa til næsta dag úr gífsinu og varð alveg ringluð*“. Hann mátar sig við nýjar hugmyndir að kvöldi og er tilbúinn að skapa þær að morgni.

4.6.3 Greining á þátttöku

Þegar þátttakandinn fylgist með leiðbeinendum eða öðrum þátttakendum, er á staðnum og er að vinna að einhverju verki einn eða í samvinnu við aðra þá tekur hann þátt og er virkur.

„...*það var þegar við fórum í Öskjuhlíðina ... þá var ég alveg með í maganumþú veist með að ... þarf ég að fara að gera eitthvað með fortíð nútíð og framtíð ... og ég var alveg með hnút í maganum yfir því að ég þyrfti að rembast við að búa til einhvern innblástur þar. Og svo fattaði ég hugmyndina.*“

„...*gaman að sjá hvað hinir eru að gera. Bíð spennst eftir að sjá á morgun afrek þeirra.*“

4.6.4 Greining á samvinnu

Þegar þátttakendur tala saman um verkin, vinna verk saman eða eru að aðstoða hvern annan.

„*Er ekki frá því að mér finnist betri svona hópumræður og kannski svolítið skemmtilegra þó svo ég verði alltaf hálf kjaftstopp og frosin í hugsun þegar ég þarf að láta ljós mitt skína.*“

Gildi í mannlegum samskiptum verður meira, því bæði þau og aðrir fara að meta þau að verðleikum; „...tek einnig þátt í öðrum verkefnum. Mikil sköpunargleði hjá nemendum“.

Sjálfsmynd styrkist og þátttakandinn veit betur hvar hann stendur getulega séð; „...já en ég er ekki svona pró, en ég get sýnt ykkur hvað ég kann“. Hann var tilbúinn að hjálpa öðrum og sýna eigin kunnáttu.

4.7 Hver er útkoman?

Á öllum námskeiðunum höfum við fundið fyrir mikilli samkennd innan hópsins, þau eru mjög dugleg að hvetja hvort annað og hrósa. Eftir skoðunarferðina á fyrsta námskeiðinu sátum við saman yfir hugkortunum og kynntumst þá öllum þátttakendum. Á námskeiði tvö fórum við í nafnakall strax á fyrstu mínúturnum og kynntumst þannig hvert öðru og fengum smá upplýsingar í leiðinni um hvað við hefðum lært í myndlist. Þegar kom að þriðja námskeiðinu voru allir búnir að kynnast á fyrri námskeiðum svo það þurfti ekki að vera með langa kynningu. Þegar kennari ýtir undir hópmyndun skapar hann tækifæri fyrir nemendur, þeir verða hluti af heild og finnst eins og þeir séu einhvers virði fyrir hópinn. Þeir fyllast öryggi eru samþykktir og slaka á. Við það eflist áhuginn fyrir því að læra. Liðsheildin myndar stuðning og það flýtir fyrir kennslunni og herðir á þekkingarleit „building a sense of belonging accelerates the teaching process and increases learner ownership“ (DePorter og fl. 1999:36) .

Við skoðun á rannsóknargögnum er áberandi að nokkrir flokkar gátu gefið skýra mynd af valdeflandi þáttum námskeiðanna.

Tilvitnanir í þátttakendur- valdeflandi svörun þátttakenda

- Sofa ekki fyrir hugmyndum
- Hafa að markmiði að koma á fleiri námskeið
- Gera fleiri verk heima
- Kaupa það sem þau vanhagar um til að gera list heima
- Læra á ný forrit til að geta gert það sem aðrir geta gert
- Rifja upp gamla kunnáttu
- Skemmta sér saman (félagsleg örvun)
- Uppbyggilegar umræður (félagsleg örvun)
- Sameiginlegt markmið (sýning)
- Nýtt verkefni, skemmtileg áskorun (örvun í sköpun)

Prófessor Graham Nuthall segir að rannsóknir sýni að nemendur læri mest á því að gera verk þar sem þeir vinna út frá eigin hugmyndum og geri tilraunir þar sem þeir endurtaka verkferlið nokkrum sinnum, helst dag eftir dag frekar en nokkrum sinnum sama daginn (sjá í Hattie, 2009:242).

Þó nokkrir þátttakendanna hafa verið að vinna þegar heim er komið. Oft er þetta skissuvinna en stundum hefur þetta tekið hug þeirra allan og þau hafa verið að vinna að listverkum langt fram á nótt en samt náð að mæta á réttum tíma daginn eftir. Fyrirfram var það áhyggjuefni að nokkrir þátttakendur höfðu sýnt það á fyrri námskeiðum að áhuginn yfirtók þau og vikan eftir námskeiðið hafði reynst þeim mjög erfið því þá var öll orkan búin og bæði líkamlega og andlega. En nú brá svo við að þessir einstaklingar höfðu vit á að passa sig og sína orku. Sváfu nóg en sköpuðu fullt af góðum verkum og skráðu þá frekar hjá sér hugmyndir og gerðu skissur. Þau höfðu því lært af mistökum fyrra námskeiðs og réðu nú við aðstæðurnar.

4.7.1 Fyrirhuguð verk

Í lok hvers námskeiðs hefur verið spurt hvort þátttakendur hafi einhverja hugmynd um framhaldið. Hvort þau séu með hugmynd að verki og þá hverskonar verki (sjá 2.6.11). Eða hvort þau hafi einhverjar framtíðaráætlanir aðrar. Fjölbreytt svör hafa komið svo sem stefna á vinnu, í skóla, taka fleiri námskeið, verða listamaður og lifa af því, gera náttúrulestaverk eða myndband. Allir ætla að gera eitthvað, enginn gaf upp að hann hefði ekki hugmynd um hvað hann ætlaði að gera næst eða að hann væri ekki með neina hugmynd um næstu skref. Væntingar þátttakenda eru því þó nokkrar.

4.7.2 Að takast á við lífið

Lífið kemur okkur eilíflega á óvart. Þess vegna er gott að vera vel undirbúin fyrir óvæntar upptök. Þátttakendur náttúrusmiðjunnar fengu óvænt „skylduverkefni“ og matsblöð/spurningablöð á námskeiðunum, verkefni sem þau leystu mjög vel. Aðeins einn nemandi bað um að fá að taka spurningablaðið með sér heim og skila síðar. Einn reyndi að komast undan því að leysa verkefnið og bar við að hann væri ekki fyrir þrívíddarverk en hann lét sig og skilaði frumlegu og fallegu verki að lokum. Allir aðrir leystu óvæntu verkefnin sín hratt og örugglega. Mikil gleði er ríkjandi á námskeiðunum og það virkar hvetjandi. Það er gaman að vakna á morgnana og vita að það er eitthvað spennandi og skemmtilegt framundan. Það er áriðandi að námskeiðin séu við hæfi og þroska hvers þátttakanda. Í fræðslu fullorðinna (sjá 2.1) er talað um einstaklingsmiðað nám á eigin forsendum þar sem þroski og reynsla einstaklingsins nýtist sem best. Það er því í höndum einstaklingsins að setja sér markmið, velja hvert hann stefnir, hvað hann vill gera. Einstaklingar með gott sjálfstraust hafa trú á

sjálfum sér og eigin getu. Þessa trú öðlumst við með því að gera tilraunir þar til við náum settu markmiði. Í leiðinni lærum við að þekkja okkar sterku og veiku hliðar. Því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að suma hluti þurfi að endurtaka (jafnvel oft) til að verða góður í þeim. Eftir námskeiðin eru þátttakendur tilbúnir til að taka við því óvænta, endurtaka verkþætti, hafa aukið sjálfstraust og eru glaðir. Allt góðir kostir til að taka með út í lífið.

4.7.3 Undirbúningur fyrir vinnu

Mæting er mikilvæg ef þú stundar vinnu. Að komast fram úr rúminu getur verið áhlaupaverk fyrir sjúklinga. En það getur líka verið erfitt fyrir fullfríska einstaklinga og sérstaklega þegar ekkert spennandi er framundan. Við atvinnuleysi er mikilvægt að hafa eitthvað til að stefna að yfir daginn annars er hætt við að deyfð og doði loði við mann allan daginn. Fólki með geðræn veikindi er ekki eins virkt og aðrir (Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilsson, 2011: 176) og þurfa þau því mjög mikla hvatningu. Á þessum námskeiðum stóðu allir þátttakendurnir sig frábærlega vel í mætingu. Af gefinni reynslu var mæting áhyggjuatriði og fyrirfram var lögð áhersla á að mætingarskylda væri þrjá daga af fimm en það fór svo að flestir mættu alla daga og voru lengur því verkefni voru svo skemmtileg og krefjandi. Þegar ánægjan er mikil af starfi þínu þá er allt í lagi þó að það sé krefjandi. Það eykur líka lærdómshraðann ef áhætta er aukabáttur (DePorter, 1999: 26). Til dæmis ef að verið er að gera eitthvert listverk þar sem hætta er á að verkið skemmist í vinnslunni ef nýr verkþáttur er ekki rétt unninn, þá er mikið líklegra að verkþátturinn lærist hratt og örugglega ef vel til tekst. Áhætta og gleði gefur okkur sælutilfinningu. Hugmyndavinnan að baki verkanna þjálfar huga þátttakenda svo þeir verða betur undirbúnir fyrir krefjandi verklausnir. Það er einnig mikilvægt að þjálfar upp umræður, gagnrýni og tjáningu til að þátttakendur geti komið skoðunum sínum og óskum á framfæri á málefnalegan hátt. Hér gögnuðust kennsluáðferðir Marvels Bartels mjög vel (sjá 2.4).

4.7.4 Að ýta undir sjálfstraust

Hugsmíðahyggjan (sjá 2.2) leggur áherslu á að forþekking þátttakenda fái að njóta sín og að verkin séu skapandi og raunveruleg. Hugmyndir þátttakenda, þeirra eigin þekking, minningar og tilfinningar voru í forgrunni á náttúrunámskeiðinu enda voru verkin ólík, skapandi og vel unnin. Mikið var um að þátttakendur væru að hrósa hver öðrum og hvetja hvor annan. Hvatning skiptir miklu máli sérstaklega ef leiðbeinandi lætur í ljós þá skoðun að þátttakandinn valdi verkefni og að hann hafi fulla trú á að hann klári það með stæl (DePorter, 1999:19). Nokkrum sinnum þurfti að hvetja þátttakendur með þessum hætti og alltaf náðist að vinna verkin fullkomlega. Samvinna og hópmyndun var einnig áberandi sem skiptir miklu

máli því flestum okkar líður vel þegar við finnum að við erum hluti hóps. Þegar þátttakendur finna að þeir eru hluti hóps læra þeir hraðar því að þættir eins og kvíði, hræðsla, óvissa víkja fyrir þáttum eins og viðurkenningu, að tilheyra hóp, að vera meðtekinn, skipta máli og þátttakandinn slakar á, hugurinn verður meðtækilegri og námskilningur vex ört (DePorter, 1999: 36). Gott var að sjá að þátttakendur náðu vel saman og áttu gott með að hjálpa hvor öðrum (sjá bls. 29). Námsumhverfið stuðlaði að samvinnunni og hóptilfinningunni og var vel búið ýmsum tólum og tækjum svo þátttakendur voru virkir allan tímann og þurftu ekki að bíða eftir að komast að.

4.7.5 Að sýna fram á leiðir til að öðlast betri og meiri þekkingu

Skynjun (sjá 2.6.2) er áhrifaríkasta lærdómstækið okkar, sjón, heyrn, snerting, lykt, tilfinning auka möguleika okkar á því að skilja og þekkja umhverfi okkar. Það var því mikil reynsla að sjá af hversu mikilli ánægju og gleði þátttakendur skynjuðu náttúruna og leituðu sér þekkingar um þá hluti og tilfinningar sem þeir „söfnuðu“ í námsnálgun (sjá 2.6.3) sinni. Leiðir eins og að skoða ljósmyndir og bækur, tölvuvefi, fréttavefi og ný forrit voru mikið notaðar og þurfti nokkra leiðsögn í byrjun. Þátttakendur voru þó duglegir við að hjálpa hver öðrum ef að þeir kunnu meira en hinir. Þegar þátttakendurnir vissu að engar hömlur væru á þeirra hugmyndum, allt ætti erindi á sýninguna, allt væri gott og gilt sem skapandi vinna svo lengi sem það kæmi frá þeirra hugarflugi eða tilfinningum þá héldu þeim engin bönd. Þegar þátttakendur hafa sameiginlegt markmið vinna þeir ötullega að því og þegar þátttakendur eru öruggir þá leyfa þeir sér að taka meiri áhættu og læra þá meira (DePorter, 1999:46–47). Þar sem þátttakendur voru duglegir að finna út hvað þeir vildu gera þurftu ekki margir að fá hjálp við það en þó kom það fyrir að leitað var til leiðbeinanda um val að aðferðum. Þá var gott að geta skoðað dagbækur, hugkort og skissur þátttakenda því þar leyndust upplýsingar um svo margt. Hugmyndir, áhugamál, jafnvel upplýsingar um fjölgreind (sjá 2.3) þátttakandans. Það var því oft auðvelt að lesa í hvað hentaði hverjum og einum best.

4.7.6 Viðtækari skilningur á list og menningu

Með því að veita þátttakendum innsýn í vinnu listamanns, undirbúninginn, ferlið, umræðuna, verkþáttinn, afurðina, gleðina og ánægjuna teljum við að þátttakendur skilji meira og geti metið betur listaverk í framtíðinni. Þeir hugi að því hvaða ferli listamaðurinn hefur farið í við sköpun verksins og reyni að átta sig á hugmynd, tækni, möguleikum og útkomu. Nýti einnig áunna þekkingu á minningasmiðjuaðferðinni (sjá 2.5) til eigin sköpunarverka. Eða noti minningasmiðju til að kynnast eigin tilfinningum og minningum, sögu og uppruna. Við kynningar á listamönnum var reynt að velja listamenn sem nýttu náttúruna og/eða

náttúruformin á augljósan og áhugaverðan hátt. Ekki var farið út í að kenna neina listasögu heldur að rýna í verkin og skapa umræðugrundvöll. Þó var ekki komist hjá því að fjalla aðeins um listamanninn sjálfan, uppruna hans, hugmyndir og stöðu í þjóðfélaginu, áhugavert var að sjá hvað mikil áhrif þetta hafði á þátttakendur. Kennsluaðferðir Marvin Bartels (sjá 2.4) voru hafðar til hliðsjónar og hugmyndir hans um að sýna nemendum ekki listaverk eða hugmyndir að verkum á undan þeirra eigin þróunum og prófunum virtar. Þetta gekk mjög vel upp og reyndist svo vel að nemendur vildu ólmir prófa meira við að uppgötva nýja sýn annarra. Verkefni framhaldsnámskeiðs var að skoða línur í landslagi eða fortíð, nútíð, framtíð. Þá var farið á stúfana og menning Öskjuhlíðarinnar skoðuð. Við það köfuðu þátttakendur í fortíðina, sínar eigin minningar og tilfinningar en einnig í gamlar ljósmyndir og sögu Reykjavíkur. Þetta gaf þeim mikið til að vinna úr, tala um og bera sig saman með. Þannig nýttist þetta verkefni sem eflandi verkefni á margan hátt, til að efla sjálfsþekkingu og sjálfstjórningu, til sköpunar, virkni og félagsþroska.

„Á að minnsta kosti fjórum sviðum getur listkennsla verið list“ segir prófessor Elliot W. Eisner. Í fyrsta lagi þegar kennslan er svo ánægjuleg fyrir nemandann og kennarann að hún nálgast það að vera fagurfræðileg (háleit) og tekur þar undir með John Dewey (1934). Í öðru lagi þegar kennarinn þarf að lesa nemandann til að leiðbeina honum í sköpun á listaverki. Í þriðja lagi er kennsla list þegar kennarinn þarf að bregðast við á ófyrirsjáanlegan og frumlegan hátt, það er þegar að hann getur nýtt sér fyrri reynslu og komið með nýjar hugmyndir. Í fjórða lagi er kennsla list þegar öll kennslan leiðir að sama markmiði, endapunkti sem oft er listaverk (sjá Eisner, 2002:154–155).

Ég tel að einmitt í þessum námskeiðum hafi ég rekist á þetta; fyrst þegar þátttakandi náði að klára verk sem hann hafði unnið sem sýndi okkur báðum hversu fær hún er orðin í tækni, hugmynd og heildarútliti að við vorum báðar í skýjunum. Í öðru lagi þegar ég þurfti á allri minni kunnáttu að halda til að skynja hvert þátttakandi vildi fara í verkinu og leiðbeina áleiðis að réttu marki án þess að ég eða mín sköpun tæki yfir. Í þriðja lagi þegar komið var með verkefni til mín sem stefndi í óefni en með því að leita til fyrri reynslu í óskyldum miðli tókst að bjarga verkinu. Og að endingu tel ég að námskeiðin sjálf og hönnun þeirra standi undir sér sem leið að sama markmiði sem endar í samsýningu á listverkum þátttakenda.

Ég tel því að á þessu námskeiðum hafi ég rekist á öll þessi svið og ég þakka fyrir að hafa náð þessum háleitu markmiðum í athugunum mínum.

5 Niðurstöður

Nú er komið að því að skýra niðurstöðurnar út frá rannsóknarspurningunni: *hvernig geta kennsluaðferðir náttúrusmiðjunnar við listsköpun ýtt undir sjálfstæði, sköpun, þátttöku, samvinnu og þannig eftl einstaklinginn?* Hugmyndafræðilegur bakgrunnur náttúrusmiðjunnar felst í fræðslu fullorðinna, hugsmíðahyggju, fjölgreindarkenningu Gardners, kennsluaðferðum Marvin Bartels og minningasmiðju. Bakgrunnurinn er settur saman með það að markmiði að styðja sem mest við þátttakendur á leið til sjálfsþekkingar, sköpunar, virkni og tjáningar. Kennsluaðferðirnar sem nýttar eru á námsskeiðunum eru víðtækar og fjölbreytilegar og skarast á milli þessa flokkana en þó hægt að greina hvaða kennsluaðferðir eiga helst við hverju sinni.

Sjálfstæði, minningasmiðja og fræðsla fullorðinna: Þátttakendur nýttu minningasmiðju-hugmyndina (sjá 2.5) á tvo vegu, fyrst í grunnnámskeiðinu þar sem þeir rýndu í myndirnar og rifjuðu upp tilfinningar og minningar. Hins vegar í framhaldsnámskeiðinu þar sem þeir skoðuðu gamlar myndir frá Reykjavík sem tengdust þeim minningalega, tilfinningalega eða persónulega og sköpuðu ný verk út frá þeim. Þessi vinna var sjálfstæð og byggðist eingöngu á sjálfskoðun og sjálfsþekkingu. Þátttakendur þurfa að taka frumkvæðið og velja sér hugmynd úr eigin hugmyndabanka. Þau þurfa að hlusta á eigin tilfinningar vera heiðarleg gagnvart sjálfum sér, jafnvel skoða eigin veikleika. Þau uppskera hvatningu, hrós og stundum aðdáun annarra og læra að taka því. Þau taka sjálfstæðar ákvarðanir háðar eigin væntingum og njóta samveru og samvinnu annarra þátttakenda ef þau kjósa það. Þau fara eigin leiðir með ólík markmið sem þau byggja á eigin reynslu (sjá 2.1).

Sköpun, skynjun og kenningar Marvins Bartels: Að skynja náttúruna með öllum skynfærunum og huga að tilfinningum og minningum er leið til þess að uppgötva og læra (sjá 2.6.3). Þátttakendur safna gögnum til að nota sem grunn að listverki eftir þeirra eigin hugmynd og tilfinningum í hvaða miðil sem er. Nýjar verkaðferðir eru kynntar og þau prófa sig áfram, læra nýja hluti, finna hverju þau áorka og verða stolt af árangrinum. Hér fer fram nám, tæknileg verkþekking, sjálfsþekking og náttúruskoðun, stundum jafnvel vísindi. Þau stunda sjálfstæð vinnubrögð, setja sér markmið, starfsorkan eykst um leið og áhuginn eflist. Þekking á list og menningu er meiri og þátttakendur verða færari í umræðum, gagnrýni og að tjá eigin skoðanir. En hugmyndir Marvin Bartels lúta einmitt að bættri hugsun nemandans og aðferðum fyrir kennara til að hvetja nemendur til sköpunar, hugsunar, skilnings og eigin ákvörðunartöku (sjá 2.4).

Þátttaka og fjölgreindarhugmyndir Gardners: Þátttakendur á námskeiðunum hafa upp til hópa mætt vel og verið mjög jákvæðir gagnvart samvinnu. Það hefur skilað jákvæðu andrúmslofti, mikilli starfsorku, góðri vinnu, samábyrgð, gleði og nánd. Þátttakendur eru sáttir við að geta valið verkefni eftir eigin áhugamálum og fjölgreind þeirra fær því að njóta sín (sjá 2.3). Þau þurfa að vera heiðarleg gagnvart sjálfum sér og kafa í eigin tilfinningar og skoða eigin langanir vel. Þau þurfa að axla þá ábyrgð að skila af sér listverki sem þau eru sátt við og fer á sýningu í lok námskeiðsins. Því oftast sem þau mæta því betur þekkjast þátttakendurnir og þá gætir meiri skilnings, samvinnu og gleði á námskeiðinu. Sjálfstraust, þekking og hæfni þátttakenda eykst með hverju námskeiði og væntingar verða meiri og nákvæmari. Í sumum tilfellum hafa þau jafnvel sett sér markmið, að fara í skóla, önnur námskeið eða að vinna.

Samvinna og hugsmíðahyggja: Þátttakendur voru duglegir að vinna saman að sameiginlegum verkefnum, þau sýndu hvort öðru skilning og vináttu. Það var oft mikil nánd og gleði fólgin í samvinnunni. Mikil vinna fór fram og þau tóku öll þátt í að undirbúa sýningar eins vel og þau gátu. Frágangur og tillitsemi var til fyrirmyndar. Þau lærðu að tala um tilfinningar sínar og gagnrýna verk sín og annarra. Gefa hrós og taka hrósi en einnig að meta skoðanir hvors annars og byggja upp traust sín á milli. Félagsleg samskipti höfðu jákvæð áhrif á námsárangur þátttakenda og þau efldust við að fá tækifæri til að miðla þekkingu sinni til annarra og aðstoða aðra þátttakendur. Það var þeim hvatning þegar forþekking þeirra fékk að njóta sín. Í hugsmíðahyggju (sjá 2.2) er einmitt bent á að reynsla og þekking einstaklinga, skoðanaskipti, hvatning og samvinna bæti félagsleg samskipti. Félagsleg samskipti hafa einnig áhrif á samfélag og menningu sem er hluti af þroska okkar.

Í heildina er jákvæð útkoma úr námskeiðum: þátttakendur eru sáttir, ánægðir og með mikla starfsorku. Sjálfþekking betri, sjálfsálit meira og þátttakendur hafa prófað að skynja náttúruna af áhuga og einbeitni. Þau hafa skapað nýja hluti, lært að hlusta á eigin tilfinningar og vera heiðarleg gagnvart sjálfum sér. Þau hafa lært að taka gagnrýni og að gagnrýna á uppbyggilegan hátt. Þau hafa unnið vel og í sameiningu borið ábyrgð á sýningu listverkanna. Þau hafa því eflst samkvæmt skilgreiningu Önnu Valdimarsdóttur, sálfræðings (sjá bls.16).

Það er einnig áhugavert að sjá að fyrir suma þátttakendur var nóg að koma á grunnnámsskeið við það efldust þeir og fóru til vinnu, í skóla eða í utanlandsferðir (sjá bls. 22).

6 Lokaorð

6.1 Hugleiðingar

Af námskeiðunum er greinanlegt að þátttakendur hafa eflst við að finna áhuga annarra á þeirra högum, uppeldi og kunnáttu. Við það hefur hópurinn orðið samheldinn, vinnusamur og félagslega eflst. Þau hafa lært mikið, fræðst um ýmis málefni sem ekki voru á námskránni en engu að síður fræðandi. Þau hafa meðtekið þekkingu sem mun hjálpa þeim í framtíðinni og öðlast trú á sjálfum sér og eigin getu til ýmissa verka. Þau hafa upplifað margar nýjungar en einnig skoðað og rifjað upp minningar og tilfinningar. Þau hafa sýnt mikla verkgleði og mikla samkennd og eru orðin sjálfstæð í úrvinnslu og verkefnavali. Rannsóknin sýnir sjálfsefningu því þátttakendur eru fullir sjálfstrausts og hafa sjálfsvitund og sjálfsvirðingu því hefur gildi þeirra í mannlegum samskiptum aukist verulega.

„Að velja hlutlæg skilyrði fylgir sú ábyrgð að skilja þarfir og hæfileika þeirra einstaklinga sem eru að læra á tilteknum tíma. Það er ekki nóg að ákveðin gögn og aðferðir hafi reynst árangursrík fyrir aðra einstaklinga á öðrum tímum. Það verður að vera ástæða til að ætla að þau stuðli að því að móta reynslu sem er menntandi fyrir tiltekna einstaklinga á tilteknum tíma“ (Dewey, 2000a:55–56).

Við val á kennsluefni í námskeiðin hefur náðst að hvetja þátttakendur til dáða. Námsefnið náði að fanga hug þeirra og ýta undir sköpun. Náttúrulegt umhverfi er mannbætandi og heilsueflandi. Samvinna og samvera í góðum hópi þar sem mikil samkennd og hvatning ríkir styrkir alla þátttakendur. Umræður um gildi listverka, þjóðfélag, uppruna fólks, menningu og þekkingu skilar góðu og uppbyggilegu námskeiði sem allir hafa gagn að ekki síst þjóðfélagið. Það skilar okkur heilbrigðum skapandi einstaklingum sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum.

6.2 Gagnsemi rannsóknarinnar

Rannsókn þessi gagnast til þess að varpa ljósi á valdeflingu í listkennslu, hversu miklu máli skiptir að hvetja fólk áfram og efla með því hvöt hjá þeim til að standa sig í lífinu í hverju sem þau taka sér fyrir hendur. Hún sýnir að það að virkja áhuga geti bætt líðan og haft áhrif á aðstæður fólks. Það eitt ætti að vera hvati fyrir listkennara í öllum greinum til að setja upp fleiri námskeið, fyrir þjóðfélagið til að eiga hæfari einstaklinga sem skapa nýja möguleika, leiðir, verkefni og þannig koll af kolli.

Rannsóknin getur orðið hvati að því að nýjar aðferðir við eflingu fólks í félagslegum og andlegum vanda líti ljós. Listkennarar ættu að geta fundið nýjar nálganir, fengið hugmyndir

fyrir eigin kennslutíma, jafnvel þróað ný námskeið, eða valið að taka þátt í náttúrusmiðjum Hlutverkaseturs. Þessi rannsókn getur líka komið listmeðferðaraðilum til góða, veitt þeim nýjar hugmyndir eða sýn á listsköpun og/eða kennsluleiðir.

Einnig getur þessi rannsókn orðið hvati til heilsueflingar í heilbrigðisgeiranum, til nýjungar á íþróttasviðinu og vitundarvakningar í þjóðfélaginu um gildi eflingar einstaklingsins. En ekki síst sýnir þessi rannsókn gildi þess að taka hverjum manni eins og hann er efla og þjálfu upp hans góðu þætti til ágóða fyrir hann sjálfan og þjóðfélagið í heild. Náttúrusmiðjan er lyfseðill framtíðarinnar.

6.3 Styrkur rannsóknarinnar

Rannsókninni hefur verið sýndur mikill áhugi hjá Hlutverkasetrinu. Notendur setursins hafa verið hjálplegir og skilningsríkir og það skiptir miklu máli þegar verið er að koma með námskeið inn sem kennt er í alrými og allir hafa aðgang að. Námskeiðið var haldið í eðlilegu umhverfi og aðstaðan var góð. Áhugi kennara sem taka þátt í uppbyggingu námskeiðanna og kenna á þeim er hvetjandi. Listkennararnir þekkjast mjög vel og bera fullt traust til kennslu-aðferða hvors annars, því voru engir árekstrar þeirra á milli eða einhverjar uppákomur. Rannsóknargögnin eru mikil og fjölbreytt. Þau gefa góða sýn á námskeiðin og eflingu þátttakenda. Lítil kostnaður lenti á rannsakanda. Allt skipulag var í höndum rannsakanda og auðvelt var að deila út verkefnum. Rannsakandi hafði því alla þræði í höndum sér og valdi sjálfur hvar áherslur rannsóknarinnar lágu í hvert sinn. Námskeiðin voru til fyrirmyndar í vináttu, samvinnu, gleði og nánd.

6.4 Veikleiki rannsóknarinnar

Ekki er hægt að segja til með einhverri vissu að einn hluti námskeiðsins styrki eitthvað ákveðið til eflingar. Því þarf að líta á námskeiðið sem eina heild sem eflir þátttakandann. Til þess að einangra einhverja kennslustefnu eða afmarkaðan þátt námskeiðsins hefði rannsóknin þurft að vera mikið viðameiri, taka til lengri tíma, afla hefði þurft styrkja til að standa undir kostnaði og ráða fleiri listkennara. Þannig rannsókn er ekki á færi meistaranema. Þá hefði verið hægt að afla nákvæmra upplýsinga um andlega-, líkamlegra- og/eða þjóðfélagslegrar stöðu þátttakenda fyrir og eftir námskeið. Rannsóknin er mjög afmörkuð, miðast bara við tvö námskeið, eina stofnun, sextán þátttakendur og þrjá kennara. Rannsóknargögn hefðu mátt vera hnitmiðaðri og viðtöl fleiri. Í framtíðinni væri áhugavert að skoða hvort sami árangur mældist á öðrum vettvangi, með öðru starfsfólki, nýjum áherslum og kannski yfir lengra tímabil. Rannsakandinn sá um allt skipulag og öflun rannsóknargagna sjálfur.

6.5 Framhald náttúrusmiðjunámskeiða

Náttúrunámskeið með þessu formi hafa reynst ákaflega vel í Hlutverkasetrinu og eftir þessar þrjár prufur hefur verið haldið áfram með grunnnámskeið. Það fyrsta var haldið í lok febrúar og tóku listkennarar Hlutverkaseturs allir þátt í að kenna á því. Vonandi verður áframhald á þessum námskeiðum og kannski tekst að fá styrki og þá er hægt að virkja fleiri leiðbeinendur og huga að því að hafa jafnvel helgarnámskeið fyrir þá sem komnir eru í vinnu en langar til að taka þátt í skapandi verkefnum. Hugmynd er að hafa nokkur grunnnámskeið í röð og bjóða svo alltaf uppá framhaldsnámskeið með reglulegu millibili. Einnig er á stefnuskránni að safna saman þátttakendum af fyrri námskeiðum og vinna að stórri sýningu þannig að þau verði sýnilegri og fái jafnvel enn meiri hvatningu.

6.6 Ný námskeið

Á námskeiðunum komu þátttakendur með ýmsar ábendingar um fleiri námskeið sem þá langaði til að taka þátt í. Þrykk, gifs og bókagerð voru að sjálfsgöðu nefnd og telst það eðlilegt þegar verið er að læra að vinna í nýjan miðil að langa til að fara á áframhaldandi námskeið. En hugmyndir um myndrýninámskeið voru sniðugar, þá kæmu hóparnir koma aftur saman og gætu unnið með allar myndirnar sem teknar voru á fyrri námskeiðum. Þetta væri þá minningasmiðja sem gæti kallast á við námskeiðið „photo related memory work“ sem Mari Mäkiranta og Outi Ylitapio-Mäntylä héldu (og minnst var á í þriðja kafla). Möguleikar væru að skapa verk út frá því og efna til sýningar með vídeó, listkynningu, sögum, dansi, ljóðaupplestri eða hverju sem er. Allt eftir óskum þátttakenda og áhugasviði þeirra.

6.7 Að endingu

Við gerð þessarar rannsóknar finn ég að undirbúningurinn og vinnan (greiningin) hefur breytt mér sem kennara. Nú er ég mikið meðvitaðri um hvað ég segi við nemandann og hvernig ég beiti röddinni, ég fylgist með á allt annan hátt og ég skrifa hjá mér atvik og upplifanir. Ég reyni einnig að finna lausnir á vandamálum milli tíma. Ég nýti kennsluáðferðir betur og markvissar en áður. Áhugi minn á kennslufræðilegum hugmyndum hefur stórlega aukist og þekking mín hefur margfaldast. Áhugavert verður að sjá hvort þetta náttúrunámskeið tekur líka stökkbreytingum með tímanum.

Heimildir

Anna Valdimarsdóttir (1999). *Leggðu rækt við sjálfan þig*. Reykjavík, Forlagið.

Bartel, M. (2004). *Homepage*. Sótt 8. nóvember 2011 af http://people.goshen.edu/~marvinpb/MB_Home.htm

Bartel, M. (2006). *Biography*. Sótt 8. nóvember 2011 af http://people.goshen.edu/~marvinpb/MB_bio.htm

Bartel, M. (2010). *An artwork assesstment form*. Sótt 8. nóvember 2011 af <http://www.goshen.edu/art/ed/rubric2.html>

Bartel, M. (2012). *Art&learning to think&feel*. Sótt 8. apríl 2012 af <http://www.goshen.edu/art/ed/art-ed-links.html>

Bogdan, R. C. og Biklen S. K. (2002). *Qualitative Research for Education : An Introduction to Theory and Methods*. Boston, Allyn and Bacon.

Branden, N. (2003). *Betra sjálfsmat: Lykillinn að lífshamingju*, (Þóra Sigríður Ingólfssdóttir þýddi). Reykjavík, JPV útgáfa. (Upphaflega gefið út 1987.)

Buzan, Tony (1984). *Notaðu höfuðið betur*. Reykjavík, Iðunn.

Calvert, G., Spence, C., Stein, B. E. (2004). *The Handbook of Multisensory Progress*. London, Bradford book.

DePorter, B., Reardon, M. og Singer-Nourie, S. (1999). *Qantrum Teaching: Orchestrating Student Success*. MA, USA, A Viacom company.

Dewey, J. (2000a). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Dewey, J. (2000b). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Eisner, E. W. (2002). *The Educational Imagination: On the Design and Evaluation of School Programs*; Third Edition. Columbus, Ohio, Merrill Prentice Hall.

Gardner, H. (2006). *The Development and Education of the Mind: The Collected Works of Howard Gardner*. New York, Routledge.

- Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson (2011). *Iðja, heilsa og velferð: Iðjuþjálfun í íslensku samfélagi*. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Hattie, J. (2009). *Visible Learning; A Synthesis of Over 800 Meta-Analyses Relating to Achievement*. NY, Routledge.
- HPHP (2010). *Forest Bathing*. Sótt 17. febrúar 2012 af <http://www.hphpcentral.com/article/forest-bathing>
- Jón Gunnar Bernburg (2005). „Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda?“. Sótt 5. desember 2011 á *Vísindavefurinn* af <http://visindavefur.is/?id=5420>.
- Knowles, M. S., Holton III, E.F., Swanson, R. A. (1998). *The Adult Learner; Fifth Edition*. Huston TX, Gulf Publishing Company.
- Koutroulis, G., (2011). „Memory-Work: A Critique.“ *The International Journal of Health Sociology*. Health Sociology Review. Queensland, Australia
- Kvale, S., Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing*. USA, Sage Publications.
- Lord, J., Hutchison, P. (1993). The Process of Empowerment: Implications for Theory and Practice. *Canadian Journal of Community Mental Health*, 12:1, 5–22
- Matthías Jónasson (1967). *Mannleg greind, þróunarskilyrði hennar og hlutverk í siðmenntuðu þjóðfélagi*. Reykjavík, Mál og menning.
- Medina J. (2010). *Heilareglur og heilræði*. Reykjavík, Bókaútgáfan Vöxtur.
- Merriam, S.B., Caffarella, R.S. (1999). *Learning in Adulthood: A Comprehensive Guide*. CA, USA, Jossey Bass.
- Nobel, A. (1991). *Education Through Art: The Steiner School Approach*. Great Britain, Melksham, Wiltshire, Cromwell Press.
- Rannveig Traustadóttir, *Eigindlegar rannsóknaraðferðir*. Sótt 5. desember 2011 af www.hi.is/~rannvt/ER1/1pc.ppt
- Rogers, J. (2001). *Adults learning*. Great Britain, Buckingham, Open University Press.

Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007). *Virðing og umhyggja*. Reykjavík, Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.

Sigrún Jóhannesdóttir (2010). *Handbók um aðferðir*. Óútgefið handrit.

Ylitapio-Mäntylä, Outi (í prentun). Reflecting Caring and Power in Early Childhood Education: Recalling Memories of Educational Practices, *Scandinavian Journal of Educational Research*.

Þuríður Jóhannsdóttir (2009). *Hugsmíðahyggja*. Sótt 22. nóvember 2011 af <http://mennta.hi.is/vefir/ust/tjona/hugsmid.htm>

Fylgiskjöl

Fylgiskjal I: Náttúrusmiðja 1 grunnnámskeið

Náttúrusmiðja er vikunámskeið frá 23. maí til 27. maí frá kl 10 til 14, þar sem unnið er út frá náttúrunni og sköpuð listverk út frá reynslu og áhuga þátttakenda. Tveir listamenn sem eru að útskrifast sem listkennarar halda utanum þetta námskeið, þar sem þátttakendur fara á mánudegi í skoðunarferð og vinna út vikuna að listaverki og sýna afraksturinn á föstudegi í Hlutverkasetrinu í Borgartúni 1. Leiðbeinendur eru Anna Henriksdóttir og Hildur Margrétardóttir.

Athygli er vakin á að nauðsynlegt er að mæta að minnsta kosti þrjá daga og skyldumæting er mánudag og föstudag. Athugið að engin krafa er um neina listmenntun og öllum er frjálst að taka þátt.

Dagskrá námskeiðs:

Mánudagur 23. maí: Skoðunarferð í náttúrunni og sýnum safnað , hugmyndavinna kl: 10 til 14

Þriðjudagur 24. maí: listsköpun að eigin vali með aðstoð frá leiðbeinendum, kl :10 til 14

Miðvikudagur 25. maí: listsköpun að eigin vali með aðstoð frá leiðbeinendum, kl: 10 til 14

Fimmtudagur 26. maí: listsköpun að eigin vali með aðstoð frá leiðbeinendum, kl: 10 til 14

Föstudagur 27. maí: uppsetning sýningar, rýni, leiðbeiningar, kynning á listamanni, mat, kl:10 til 14

Náttúrusmiðja

Komið þið sæl, hér eru nokkrar upplýsingar um námskeiðið í næstu viku.

Mæting er hér í Hlutverkasetri kl 10 á mánudaginn 23. maí

Þá munum við fara yfir dagskrána og fara í vettvangsskoðunarferð í Nauthólsvík.

Þeir sem ekki treysta sér að ganga fara á einkabílum.

Þar munum við safna upplýsingum sem við síðar í vikunni notum í listverk að eigin vali.

Til að ná að safna sem flestum sýnum viljum við benda ykkur á að gott er að taka myndavél, skissubók, blöð, ritföng, tréliti, vatnsliti, plastpoka og plastdollar með.

Gott er að taka smá nesti með og vatnsflösku. Klæðið ykkur eftir veðri, spáin er sól og hitinn verður 7 gráður. Eftir sýnatöku munum við fara aftur í Hlutverkasetur, búa til hugkort og raða niður vinnuhópum.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kveðja Anna og Hildur

Fylgiskjal II: Náttúrusmiðja 2 grunnnámskeið

Kynning sem sett var á heimasíðu Hlutverkaseturs

Náttúrusmiðja

Lýsing á námskeiði

Námskeiðið verður haldið í Hlutverkasetrinu dagana 2 til 4 des, frá föstudegi til sunnudag.

Föstudaginn frá kl 10 til 16 en laugardag og sunnudag frá 10 til 17.

Námskeiðið er ókeypis fyrir þátttakendur en boðið verður uppá hádegishressingu gegn lágu gjaldi.

Leiðbeinendur eru listkennararnir Anna Henriksdóttir og Hildur Margrétardóttir. Þátttakendum er kennt að skynja og tjá sig um litina og listina í umhverfi sínu. Þeir læra litafræði og fagurfræði í gegnum náttúruskoðun. Sýni eru tekin, ljósbrigði og litir skráðir með skrifum, myndum og litaprufum. Unnið verður með ólík birtuskilyrði og áhrif þess á liti. Form og lögun gróðurs og náttúru skoðuð og endurgerð. Listamenn sem styðjast við náttúruna í list sinni verða kynntir og verk þeirra rædd frá ýmsum hliðum. Verk nemenda verða hengd upp og skoðuð í sameiningu af hópnum og rýnd af listkennurunum í þeim tilgangi að kenna hugtök og útskýra list.

Þátttakendur munu fara í náttúruskoðun með leiðbeinendum og vinna verk út frá þeim upplifunum og skráningu sem þeir gera í skoðuninni. Áriðandi er að mæta á réttum tíma á föstudeginum og ætlast er til að allir þátttakendur mæti sem best þessa helgi. Einnig er mjög áriðandi að allir þátttakendur séu á staðnum á sunnudeginum þegar verkin eru skoðuð í sameiningu.

Námskeið þetta er liður í lokaverkefni á meistarastigi í listkennslu við LHÍ og þurfa þátttakendur því að samþykka að námskeiðið sé skráð og skoðað ásamt því að samþykka að tekið sé viðtal við þá um upplifun þeirra af námskeiðinu. Skráningin fer fram með þeim hætti að bæði þátttakendur og rannsakandi skrá hjá sér í dagbækur á meðan á námskeiðinu stendur, einnig verða teknar ljósmyndir og viðtöl sem verða skoðuð og rýnd að námskeiði loknu.

Skráning er á skrifstofu Hlutverkaseturs.

Náttúrusmiðja

2.–4. desember 2011

Kynning fyrir þátttakendur
námskeiðið hefst stundvíslega alla morgna kl 10.
Vinsamlega verið stundvís.

Dagskrá

Föstudagur

Kl 10 Anna og Hildur kynna sig, kynning á dagskrá helgarinnar og kynning á þátttakendum. Þátttakendur skrifa undir og fá dagbækur. Farið verður út í könnunarferð. Þátttakendum er bent á að búa sig eftir veðri. Takið með ykkur plastpoka undir sýni, myndavél (ef til er) og skriffæri.

Kl 12 Hádegisverður í Hlutverkasetrinu

Kl 12.30 Verkefnavinna hefst (kaffi eftir þörfum)

Kl 16 **Þátttakendur fara með heimaverkefni**

Laugardagur

Kl 10 Anna og Hildur kynna listamann.

Kl 12 Hádegisverður í Hlutverkasetrinu

Kl 12.30 Þátttakendur vinna að eigin sköpunarverki með leiðsögn.

Kl 14.30 Kynning á skylduverkefni.

Kl 14 til 17 Verkefnavinna (kaffi eftir þörfum)

Sunnudagur

Kl 10 Anna og Hildur aðstoða.

Kl 12 Hádegisverður í Hlutverkasetrinu

Kl 12.30 Þátttakendur setja upp sýningu.

Kl 15.30 Kaffi og kaka, fyrirlestur

Kl 16.30 Verkefnarýni

Kl 17 **Kveðjustund**

Þátttakendum er frjálst að koma með eigin verkfæri til listsköpunar að heiman ef þeir kjósa. En verkfæri verða einnig á staðnum til afnota fyrir þátttakendur.

Léttur hádegisverður verður á boðstólum gegn vægu gjaldi.
Einnig frítt kaffi og kex.

Náttúrusmiðja

2.–4. desember 2011

Dagskrá

Föstudagur

- kl 10** Anna og Hildur kynna sig, kynning á dagskrá helgarinnar og kynning á þátttakendum. Þátttakendur skrifa undir leyfisbréf og fá dagbækur. Farið verður í fjöruferð.
- kl 12** Hádegisverður í Hlutverkasetrinu
- kl 12.30** Hugkort stutt kynning, svo gera þátttakendur sitt hugkort
- kl 13** Klippimynd (5 og 10 mín umhugsunartími) upphenging og rýni
- kl 13.30** Kynning og skráning á möguleikum sem þátttakendum standa til boða í listsköpun. Ljósmyndavinna, klippimyndir, vatnslitun, olía, teiknun, sögur, ljóð, þrívíð verk. Þátttakendur vinna hugmyndir sínar og hugleiðingar í dagbækur.
- kl 14 til 16** Unnið að eigin hugmynd með leiðsögn frá kennurum (kaffi eftir þörfum). Þátttakendur skilja dagbækur eftir en geta skrifað hugmyndir niður heima og límt í bækur á morgun. Það er heimaverkefnið.



Laugardagur

- kl 10** Anna og Hildur kynna Matisse, unnið með litaðan pappír í anda Matisse. Þátttakendur skrifa um upplifunina í dagbókina.
- kl 12** Hádegisverður í Hlutverkasetrinu
- kl 12.30** Þátttakendur vinna að eigin sköpunarverki með leiðsögn.
- kl 14.30** Kynning á skylduverkefni í þrívídd. Þátttakendur skrá hjá sér hugleiðingar.
- kl 14 til 17** Unnið að eigin hugmyndum í þrívídd með leiðsögn frá Hildi (kaffi eftir þörfum) þegar lokið hefur verið við þrívíddarverkefnið er unnið áfram í verki að eigin vali. Anna tekur tíu mínútna einkaviðtöl við þátttakendur. (10 manns ca. 2 hálfur tími m/skiptingu).

Sunnudagur

- kl 10** Anna og Hildur aðstoða við frágang verka.
- kl 12** Hádegisverður í Hlutverkasetrinu
- kl 12.30** Þátttakendur setja upp sýningu með leiðsögn og útskýra verk sín. Farinn er rýningarhringur og verkin og uppsetning rædd. Þátttakendur skrá hjá sér upplifunina. Rubric mat á einu til tveimur verkum. Þátttakendur meta og fá að lesa mat á sínu verki.
- kl 15.30** Kaffi og kaka, Anna og Hildur halda fyrirlestur um náttúrulistamenn
- kl 16.30** Þátttakendur fylla út umsagnarblað um námskeiðið og ganga frá.
- kl 16.50** Kveðjustund og þátttakendum þakkað fyrir þátttökuna í kveðjuleik. Allan tímann er ljósmyndað, Anna skráir hjá sér, tekur upp hljóð og tekur upp á myndband. Ef mögulegt er mun Marie taka upp á myndband líka.

Fylgiskjal III: Náttúrusmiðja 3 framhaldsnámskeið

Náttúrusmiðja

30. janúar til 3. febrúar 2012

Kynning fyrir þátttakendur

námskeiðið hefst stundvíslega alla morgna kl 10.

Vinsamlega verið stundvís.

Dagskrá

Mánudagur

kl 10 Anna, Svafa og Hildur kynna sig, kynning á dagskrá og kynning á þátttakendum. Þátttakendur skrifa undir og fá dagbækur. Farið verður út í könnunarferð. Þátttakendum er bent á að búa sig eftir veðri. Takið með ykkur plastpoka undir sýni, myndavél (ef til er) og skriffæri.

kl 12 Hugkort í Hlutverkasetrinu og verkefnaval (kaffi eftir þörfum)

kl 12.30 Verkefnavinna hefst með undirbúningi, skissur og hugmyndavinna

kl 14 **Þátttakendur fara með heimaverkefni**

Þriðjudagur

kl 10 Þátttakendur vinna að eigin sköpunarverki með leiðsögn Svöfu.

kl 12 Hádegisverður

kl 12.30 Verkefnavinna (kaffi eftir þörfum)

kl 14 **Dagskrá þriðjudags lokið**

Miðvikudagur

kl 10 Þátttakendur vinna að eigin sköpunarverki með leiðsögn Hildar.

kl 12 Hádegisverður

kl 12.30 Verkefnavinna (kaffi eftir þörfum)

kl 14 **Dagskrá miðvikudags lokið**

Fimmtudagur

kl 10 Þátttakendur vinna að eigin sköpunarverki með leiðsögn Önnu.

kl 12 Hádegisverður

kl 12.30 Verkefnavinna (kaffi eftir þörfum)

kl 14 **Dagskrá fimmtudags lokið**

Föstudagur

kl 10 Anna, Svafa og Hildur aðstoða þátttakendur við að setja upp sýningu.

kl 12 Hádegisverður

kl 12.30 Fyrirlestur og opnun sýningar

kl 13.30 Verkefnarýni, viðtöl

kl 15 **Kveðjustund** Kaffi og kaka

Þátttakendum er frjálst að koma með eigin verkfæri til listsköpunar að heiman ef þeir kjósa.

Verkfæri verða einnig á staðnum til afnota fyrir þátttakendur.

Fylgiskjal IV: Sjálfrýniblað

Art Rubric – sjálfsmatsblað í sjónlist by Marvin Bartel

Kafar	Höfundur verks <hr/> Hvernig er metið	Stig & athugasemdir		
		Gott	Miðlungs	Þarf að laga
Nýjungar Ný þekking og tækni	Hvernig er þetta verk, miðað við fyrri verk þín?	.	.	.
	Sýnir verkið skoðun eða tilfinningu?	.	.	.
	Er einhver hugsun á bak við verkið?	.	.	.
	Hvernig er tæknin, (hefur þér farið fram)?	.	.	.
Sköpun & óvæntar uppgötvanir	Hversu mikil frumlegheit, nýjungar eða áræðni sýnir verkið?	.	.	.
	Bætir þú þekkingu þína eða dýpkar í þessu verki?	.	.	.
Verkefnismat	Hversu vel gekk að leysa verkefnið? Voru einhver vandamál?			
	Hvernig reyndust aðferðir sem kennarinn benti á að nota við verkið? Hefði verið betra að vinna verkefnið á annan hátt?	.	.	.
Hvernig var unnið	Er viðeigandi stíll notaður í verkinu?	.	.	.
	Var verkið unnið af alúð eða var því hespað af?	.	.	.
Aðstoð	Varst þú samvinnufús, hvetjandi og hjálplegur í orðum við aðra án þess að vinna verkin fyrir þá?			
	Spurðir þú kennarana góðra spurninga?	.	.	.
Vinnuaðferð	Lagðir þú þig fram við að vinna verkin?			
	Talaðir þú við aðra nemendur um verkefnið og sinntir ekki umræðu um allt annað?	.	.	.
Myndbygging	Voru grunnreglur í formfræði og myndbyggingu nýttar vel á sjónrænan hátt?			
	Ná tilraunir í samsetningu forma að kalla fram heildstætt verk?			

Fylgiskjal V: Jafningjarýniblað

ART Rubric	Jafningjamatsblað			
Kafar	Höfundur verks	Stig & athugasemdir		
	Matsmaður	Gott	Miðlungs	Þarf að laga
Nýjungar Ný þekking og tækni	Hvernig er þetta verk?	.	.	.
	Sýnir verkið skoðun eða tilfinningu?	.	.	.
	Er einhver hugsun á bak við verkið?	.	.	.
	Hvernig er tæknin?	.	.	.
Sköpun & óvæntar uppgötvanir	Hversu mikil frumlegheit, nýjungar eða áræðni sýnir verkið?	.	.	.
	Sýnir verkið mikla þekkingu eða dýpkar það skilning þinn?	.	.	.
Verkefnismat	Eru einhver sjáanleg vandamál við framkvæmd verksins?			
	Hvernig reyndust aðferðir sem kennarinn benti á að nota við verkið? Hefði verið betra að vinna verkefnið á annan hátt?	.	.	.
Hvernig var unnið	Er viðeigandi stíll notaður í verkinu?	.	.	.
	Virðist verkið vera unnið af alúð eða var því hespað af?	.	.	.
Aðstoð	Var nemandinn samvinnufús, hvetjandi og hjálplegur í orðum við aðra án þess að vinna verkin fyrir þá?			
	Spurði nemandinn kennarana góðra spurninga?	.	.	.
Vinnuaðferð	Lagði nemandinn sig fram við að vinna verkin?			
	Talaði nemandinn við aðra nemendur um verkefnið og sinnti ekki umræðu um allt annað?	.	.	.
Myndbygging	Eru grunnreglur í formfræði og myndbyggingu nýttar vel á sjónrænan hátt?			
	Ná tilraunir í samsetningu forma að kalla fram heildstætt verk?			

Fylgiskjal VI: Spurningablað

Náttúrusmiðja- grunnnámskeið

Spurningablað lagt fyrir þann 3.2.2012

Nafn:

1. Hefur þú lært eitthvað nýtt á þessu námskeiði?
Ef svarið er nei; hvað hafðir þú lært fyrir þetta námskeið?
Ef svarið er já; hvað lærðir þú og á hvaða hátt telur þú að það nýtist þér?
2. Hefur þú stundað listnám eða tekið þátt í einhverjum listnámskeiðum áður?
Ef svarið er nei; hvað fannst þér um þetta námskeið?
Ef svarið er já; lærðir þú eitthvað nýtt á þessu námskeiði?
3. Hver var áhugi þinn og geta þín til þess að gera myndverk fyrir námskeiðið?
4. Hver er áhugi þinn og geta nú til að gera myndverk?
5. Telur þú að það sé einhver ávinningur fyrir þig að taka þátt í skapandi námskeiði?
Ef svarið er nei; hvað hefðirðu viljað læra/gera frekar?
Ef svarið er já; hvað lærðir þú og á hvaða hátt telur þú að það nýtist þér?
6. Fannst þér þátttakendur ná saman og virka hvetjandi á hvorn annan eða voru þeir að vinna hver í sínu horni?
7. Hvaða þáttur í námskeiðinu var áhugaverðastur fyrir þig og hvað hefðir þú helst viljað gera fleira?

Kærar þakkir fyrir þátttökuna

Anna, Hildur og Svafa

Fylgiskjal VII: Veðkáætlunargerð

Verkáætlun Náttúrusmiðjunnar — Grunnupplýsingar um hönnun listverks

Náttúruskoðun á grunnnámskeiði : skynja með öllum skynfærum.

Við náttúruskoðun er nauðsynlegt að skrá allt, það sem skynvit segja manni, tilfinningar og hugmyndir. Skráning getur verið að taka sýni, skrifa hjá sér , ljósmynda, mála litaprufur.

Gott er að gera hugkort og skoða hvernig það tengist og hvað var skrásett.

Nauðsynlegt að viðá að sér þekkingu á viðfangsefninu, skoða myndir, aðra listamenn, stytur, hvað hefur verið gert, hljóð-myndverk, innsetningar, fara á söfn, fylgjast með, lesa blöðin,

Jafnvel skoða hvað maður er að hugsa og hvað maður er sammála eða ósammála um.

Við hönnun verks ber að huga að:

1. skoða; Form (lögur hlutar)
2. Formgerð (hringur, kassi, þríhyrningur, óreglulegt form)
3. Uppröðun (aðalatriði, aukaatriði) gera sér grein fyrir þessu
4. Skissa upp hugmyndir
5. Skoða skissur vel, velja úr þá sem er best út frá myndbyggingu
 - Nær/fjær, rými, staða, stefna, kyrrð/hreyfing, forgrunnur, bakgrunnur, miðja, létt/þungt
 - <http://vefir.nams.is/isllistvefur/myndb/myndbygging.htm#>
6. velja aðferð , vinna verkið
7. skoða og rýna verkið, snúa því á alla kanta, frá mismunandi sjónarhornum og fjarlægð.
8. laga ef þarf
9. innramma, ganga frá , hengja upp
10. mynda verkið og skrásetja.

Skrásetning gagna er mjög mikilvæg, listamaðurinn þarf sjálfur að halda utanum allt sem hann gerir. Hvert verkin fara og hvera þau eru til sýnis, eða hver kaupir ef þau eru seld eða gefin.

Fylgiskjal VIII: Undirskriftareyðublað

Náttúrusmiðja 2012

Ég _____ veiti hér með

Önnu Henriksdóttur 200961-6419 leyfi til að nýta gögn þau er hún aflar á Náttúrusmiðjunámskeiði í Hlutverkasetrinu, Borgartúni 1, dagana 30. janúar til 3. febrúar 2012 til greinargerðar í lokaverkefni í mastersnámi í listkennslu við Listaháskóla Íslands. Gögn þessi geta verið myndir, hljóðupptökur, myndbandsupptökur, viðtöl og hugleiðingar úr dagbók. Gögnin mega verða nýtt í aðrar rannsóknir sem Anna mun taka sér fyrir hendur á komandi árum.

Reykjavík 30.1 2012

Undirskrift

Fylgiskjal IX: Huglásar

Huglásar

- ✓ Fyrsti huglásinn er: *aðeins eitt svar rétt*, við þurfum oft á því að halda að sjá fleiri en einn möguleika því stundum getur ekki staðist að aðeins eitt svar sé rétt. Að þekkja þennan huglás hjálpar okkur til að vera víðsýnni.
- ✓ Annar huglás er *að fylgja leikreglum*, ef við fylgjum ekki alltaf leikreglum þá reynum við að leysa vandamál á nýjan hátt. Við það skapast ný þekking.
- ✓ Þriðji huglásinn er *þetta er ekki rökrétt*, svarið við honum er að það þarf ekki alltaf allt að vera rökrétt, ævintýri eru ekki rökrétt en samt skapa þau fullkominn söguþráð.
- ✓ Fjórði huglásinn er *verum raunsæ*, en svarið við honum er að með því að hugsa óraunsætt getur þú komið með nýja hugmynd, nýja leið.
- ✓ Fimmti huglásinn er *engan leikaraskap*, leysum við með því að huga að því að sjá að það er sterk tenging á milli aha þegar við uppgötvim eitthvað og haha þegar okkur er skemmt.
- ✓ Sjötti huglásinn er *við höfum ekki vit á þessu*, sérhæfing er góð en fá vandamál eru svo sérhæfð að við getum ekki haft eitthvað til málanna að leggja og fundið nýjar lausnir.
- ✓ Sjöundi huglás er *forðumst tvíræðni eða misvísandi skilaboð*, en misræmi getur einmitt leitt til skapandi lausna, þarna leynist kannski einmitt lausnin sem hentar.
- ✓ Áttundi huglás er *enga sérvisku hér*, en er þá samheimska eitthvað betri, viljum við ekki einmitt fá margar skoðanir upp á yfirborðið og finna þá bestu lausnina.
- ✓ Níundi huglás er *ekki leika sér*, en í leik er allt leyfilegt, þar megum við gera mistök og af þeim lærum við.
- ✓ Tíundi og síðasti huglásinn er *við erum ekki svona hugmyndarík*, en hversu oft varst þú einmitt að hugsa það sem næsti maður lagði til að gert yrði, hugsanir og gjörðir skarast, við höfum öll hugmyndir. (Sigrún Jóhannesdóttir, 2010)